

Lærum af Orði Guðs.

21 maí 2013.

Margt í lífinu gerist bara og margt er það sem maðurinn bara ratar inn í án þess að hann hafi áður leitt hugann að því að ætti fyrir sér að liggja en gerðist samt. Manninum mætir bæði gott og vont. Að hafa stórar og miklar áætlanir um eigið líf getur verið erfiðleikum bundið af þeirri ástæðu einni að lífið í raun og veru fer með manninn þangað sem það sjálf vill. Er það ekki oft, og kannski oftast nær, svo? Hið óvænta gerist og líka kemur þegar þess tími er. Eina sem allir menn hafa öruggt í hendi er núið, eigin andardráttur og fortíð sín. Á reynslu fortíðar fá menn byggt en verða að treysta Jesú alfarið fyrir eigin framtíð. Ekki satt?

Líf án Jesú er ekkert líf. Sumir alltént taka undir svona fullyrðingu.

Hve margir vitnisburðir skildu vera til um Jesú og verk Jesú í lífi fólks? Milljónir í gegnum alla söguna. Stór hópur manna upplifir reynsluna af Jesú og gerir með góðum hætti. Reynslan segir okkur og lífið sjálf hefur kennt okkur að hið óvænta bíði við næsta horn sem engin okkar veit hvar er en munu samt ganga fyrir þetta horn og rekast á það sem þar leynist. Sumt sem á fjörur okkar rekur er blessun annað bölvun. En hvort heldur sem er gefur öll reynsla af sér þekkingu og lærdóm og oft ómetanlegan sem hægt er að móða úr og láta blessast af sé eftirvinnan rétt unnin.

Á einum stað í Biblíunni segir Kristur að vindurinn blási hvert sem hann sjálfur vill og að vitum ekki hvert hann fari. Þótt við vitum ekki hvert vindurinn fari breytir það því ekki að vindurinn sé í umhverfinu og hluti þess.

Sama gildir um trúna. Trúin ER og hvort sem við trúum þessu eða ekki að þá ER hún samt. Á sama hátt og við sjáum áhrif vindsins í umhverfinu getum við líka séð áhrif trúarinnar í sama umhverfi.

En sjáum við eitthvað við trúna? Það er ekki víst og oftast nær af þeirri ástæðu að trú er önnur vídd í mannheimum og ósýnileg berum augum manna nema þar sem hún beinlínis er opinberuð, í til að mynda sjúkrastofnunum, skólum, mönnum og konum sem hafa söðlað um í lífsháttum og allskonar svoleiðis þáttum og játa Jesú í sínu lífi og lifa kristilegu líferni fyrir allra augum. Í sannleika, að það sé tekið fram. Sumt fólk velur að fara þessa góðu leið. Margir koma auga á Jesú í gegnum svoleiðis líferni fólks og líkar vel við það sem þeir sjá.

Vindurinn, líka trúin á Jesú, er sem sagt allt í kringum okkur þó hitt aflið, Satan, sé yfirleitt ferðarmeira vegna þá syndarinnar sem hér grasserar og spilar inn á hold og tilfinningar fólks. Skal engan undra þetta. Satan rændi völdunum í gegnum fyrsta manninn sem skapaður var og fyllti hug hans sinni lygi. Allt raunveruleiki í vorum heimi. Trúin er það líka. Bæði er sýnilegt. Í sjálfu sér er það ekkert erfiðara verk að koma auga á verk trúar en syndar. Munurinn felst einkum og sérilagi í hávaðanum og fyrirferð syndarinnar sem endalaust snýst um eigið skott með alla hugsun á sér sjálfri. Maður með augu sín opin sér margt, heyrir margt og veit einnig margt.

Biblían vill fræða um Guðs veg og opinbera sínu fólki áætlun Guðs. Og hvaða fólk er svo þetta fólk Biblíunnar? Það sem trú hefur tekið. Aðrir leita ekki á náðir Biblíunnar. Eða er það ekki annars rétt? Þekkir þú kannski marga vantrúaða sem lesa Biblíuna að staðaldri. Það held ég ekki af ástæðu sem er vel skiljanlegt. Andinn sem fylgir öllum vantrúuðum myndi aldrei heimila slíkt og mun alltaf draga manninn í burtu frá Orðinu af þeirri ástæðu að vilja ekki gera sjálfan sig áhrifalaus. Sem sagt, að þá reynir hann að verja sig fram í rauðan dauðann. Finni maðurinn hins vegar fró í lestrinum er það vegna þess að Kristur sjálfur hefur dregið hann í sinn lestur og er byrjaður að undirbúa hann fyrir frelsunina sem skundar til hans á settum tíma. Tíma Guðs. Allt er í Guðs hendi og engin kemur til

Krists nema Faðirinn dragi hann sjálfur. Að Drottinn vekji manningum sjálfur áhuga á lestri Orðsins er á vissan hátt vitnisburður höfundar þó ekki verði sérstaklega farið í hann hér:

„ **Pegar óhreinn andi fer út af manni, reikar hann um eyðihrjóstur og leitar hælís. Og er hann finnur það ekki, segir hann: Ég vil hverfa aftur í hús mitt, þaðan sem ég fór.** „ (Lúk 11:24) – hér kemur fram aflið sem býr í vantrúnni sem reynir að verja sitt svæði en getur ekki eftir að fingur Guðs snertir manneskjuna og það verður að fara. En andinn illi er ekki af baki dottinn og vitjar sinnar manneskju eftir tiltekin tíma. Svo gæti nefnilega farið að hún hafi ekkert gert með gjöf sína og húsið sé tómmt sópað og prýtt. Orðið segir að við þá sjón hverfi hann aftur og taki með sér sjö anda sér verri og að hlutskipti mannsins verði verra eftir en áður. Ekki gott. Brýnt er að byggja sig hratt upp til að byrja með og fylla húsið Guðlegum húsgögnum, Orðinu. Þau fá varist innrásarhersingunni sem kemur.

Maðurinn þekkir ekki til hlítar áætlun Guðs um sig sjálfan og þarf heldur ekki en lærir smá saman að treysta honum fyrir heill sinni og öryggi. Hverjum manni er gefið að treysta en sett í hans vald og ákvörðun hvort gerist. Holdið er öflugt og líka blekkjandi sem menn geri ekki lítið úr. Holdið er vissast afl sem vill leiða manninn sinn veg. Afl holdsins sjáum við allt í kring og fyrirmynd í flestum tilfellum lítil.

Margt er sýnilegt í vorum heimi og tókum við bara eftir sumu og öðru ekki. Metum sumt gott og annað ekki. Mat manna á góðu og vondu fer eftir afstöðu hjartans hverju sinni. Hjá sumum er gott vont og vont gott. Slík afstaða verður til af afvegaleiddu hjarta.

Trúin á Jesú vill kenna okkur sannleikan og að við lærum að meta verkin með augum sannleikans. Sannleikurinn fær dregið upp aðra mynd af þessu öllu saman en maðurinn í eigin mætti oft gerir vegna veikleika síns. Auðvelt er að mata manninn á lygi og fá til að ala á hatri og illsku. Allt svoliðis er nefnilega nær manningum en flestum grunar. Þetta gerir holdið sem Orðið segir um að ekkert gott búi í. Ekki auðvelt fyrir nokkurn manna að meðtaka en samt sannleikur. Þegar menn temjast og venja sig við sannleikann og ekkert nema sannleikan verða þeir frjálsir. Sannleikurinn er magnað fyrirbæri.

Allt byrjar þetta á fyrsta skrefinu er menn sögðu já við Jesú. Inn í umhverfi trúar er þó engin maður þvingaður heldur er það hans eigið val. Eftir á fær hann stigið inn í klæðskerasaumuðu áætlunina sem Guð er með og gerist á hraða sem Drottinn sjálfur vill. Áætlun Guðs er hið eina örugga í hendi og líka margur sem betur fer á. Trúin fæðir af sér von sem heimurinn missti við skilningstré góðs og ills og bjó sjálfum sér til fóður sem nærir ofbeldi í öllum mögulegum og ómögulegum myndum. Lögleysið er ein birtingarmyndin. Lögleysið sést í því að menn í æ ríkara mæli taka lögin í eigin hendur sem illu heilli hefur færst í vöxt að gert sé í voru litla íslenska samfélagi. Skandall sem blinda augað fær ekki séð og menn halda lófanum fyrir hitt augað. Vita ekki. Skilja ekki og gerir að verkum að á málum er ekki tekið. Lögreglan hefst ekki að.

Hér er gott að muna að ekkert sé þannig séð endalaust í heiminum hvorki heill né óhamingja. Allt hefur sinn tíma. Talar ekki Predikarinn svona? „ **Prédikarinn leitaðist við að finna fögur orð, og það sem hann hefir skrifað í einlægni, eru sannleiksorð.** „ (Préd 12:10) - Predikarinn í Biblíunni mælir einlægninnar orð og því sönn sem allir menn geta lært af og meðtekið sjálfum sér til aukinnar þekkingar á lífinu og sjálfum sér.

Raun og heill mætir hverri manneskju. Einhversstaðar í lífinu stendur hún á öðrum hvorum staðnum og misjafnlega lengi í senn. Þrengingin hins vegar gerði fólkið reynslunni ríkara og það getur, fái viskan að fljóta með á göngunni framundan, sneitt framhjá dýinu sem það lenti í og brasaði svo lengi við að hífa sig aftur upp úr. Viskan hjálpar til við eftirleikinn og úrvinnsluna en getur ekki gert sé henni hafnað og ekki haft með í ferðinni. Slæmt mál. Að ganga með viskunni geta allir lært. Já vinir!!! Lært. Sumir reyndar læra ekki sína lexíu af því sem þeir reyna. En hvernig má breyta þessu?

- er spurning sem erfitt er að gefa neitt eitt svar við. Enda persónubundið. Og hitt!!! Hver skilur mannhjartað.

Jobsbók er merkilegt rit og tilheyrandi Gamla testamenti Biblíunnar. Job var ráðavandur og grandvar maður í augum Drottins sem þó lenti í ægilegum raunum af völdum óvinnar alls réttlætis, Satans. Skoðum ritninguna:

„ Nú bar svo til einn dag, að synir Guðs komu til þess að ganga fyrir Drottin, og kom Satan og meðal þeirra. Mælti þá Drottinn til Satans: Hvaðan kemur þú? Satan svaraði Drottni og sagði: Ég hefi verið að reika um jörðina og arka fram og aftur um hana. Og Drottinn mælti til Satans: Veittir þú athygli þjóni mínum Job? Því að enginn er hans líki á jörðu, maður ráðvandur og réttlátur, guðhræddur og grandvar. Og Satan svaraði Drottni og sagði: Ætli Job óttist Guð fyrir ekki neitt? Hefir þú ekki lagt skjólgarð um hann og hús hans og allt, sem hann á, hringinn í kring? Handaverk hans hefir þú blessað, og fénaður hans breiðir sig um landið. En rétt þú út hönd þína og snert þú allt, sem hann á, og mun hann þá formæla þér upp í opið geðið. Þá mælti Drottinn til Satans: Sjá, veri allt, sem hann á, á þínu valdi, en á sjálfan hann mátt þú ekki leggja hönd þína. Gekk Satan þá burt frá augliti Drottins. „ (Job 1:6-12)

Satan kemur fram fyrir Guð og Guð spyr hann spurningar um Job og hvort hann hafi veitt honum athygli. Satan svaraði spurningu Guðs í raun og veru játandi sem segir okkur berlega að hann fylgist með Guðsfólki. Óvinurinn sá umhverfið og verndarvegginn í kringum allt sem Jobs var og vissi að í gengum hann, það er vernd Guðs, kæmist hann ekki hvernig sem hann reyndi. Vernd Guðs er nefnilega óvinnandi virki. Einnig þetta er vísbending til okkar og kennsla um að ódámurinn leiti leiða. „ Hvernig fæ ég brotið múrinn „ - er þælingin. Hér bendir Orðið í raun og veru á hina yfiringilegu illsku sem knýr Satan fram til verka og er fæðan hann nærast af. Illskan raunverulega fær hann til að halda umsátrinu áfram þó hann viti að engin leið sé fyrir hann að komast inn fyrir. Nema – takið eftir þessu - trú fólksins dvíni og í þessu tilviki trú Jobs frammar öðrum á staðnum sem auðsjáanlega er lykilmáður um þessa vernd Drottins og liggur í þessum Orðum Guðs. **Veittir þú athygli þjóni mínum Job?** Já, Satan veitti Job athygli og hafði lengi gert með sínu illa auga. Við sjáum af lestrinum að Guð bendir Satani sérstaklega á Job ekki aðra heimilismenn sem voru máski allmargir á þessum tíma í lífi Jobs. Í það sem þegar er dautt sparkar hann ekki. Af lestri Jobsbókar skiljum við máski betur hví svo var eftir að hafa lesið ummæli eiginkonu Jobs og ráð vina Jobs sem komu til hans eftir hamfarir óvinnarins versta. Satan er andleg vera og verkið sem hann van á eigum Jobs í raun og veru andlegt. Einvörðungu af fræðslu Biblíunnar vitum við af voðaverkinu sem unnið var á Job og fjölskyldu hans. Hún, ein bóka, fræðir okkur um hvað í raun og veru gerðist á heimili Jobs og bendir jafnframt á og sýnir með skírurum hætti hver sé óvinur að hann heitir Satan:

„ Þá stóð Job upp og reif skikkju sína og skar af sér hárið, og féll til jarðar, tilbað og sagði: **Nakinn kom ég af móðurskauti og nakinn mun ég aftur þangað fara. Drottinn gaf og Drottinn tók, lofað veri nafn Drottins. Í öllu þessu syndgaði Job ekki, og ekki átaldi hann Guð heimskulega.** „ (Job 1:20-22) – Sem sagt Satan hefur herjað á Job og lagt allt hans að velli nema hann sjálfan og konu hans. Börnin dái, skepnurnar drepnar, byggingarnar eyðilagðar og allt sem þessi maður hafði stredda við að koma sér upp horfið eins og dögg fyrir sólu. Staðan er hræðileg á býli Jobs. Og geta allir tekið undir þetta. Allt hans horfið á einni og sömu mínútu. Mikla trú þarf til að segja það sem Job sagði á sinni raunarstund sem líklega hefði fellt flesta menn, trúarlega séð. Minna þarf oft til. Smá þæling og móðgun er oft nóg. En ekki í tilviki Jobs.

Eftir svona lestur skiljum við betur hví Guð talar um Job eins og hann gerir. Í Orðum Guðs má greina svolítið stolt vegna síns manns Jobs. Merkilegt. Samt var Job bara maður og allir menn hafa sín takmörk og þola sársauka upp að ákveðnu marki, rétt eins og ég og þú. Job lenti líka í þessu líkt og fram kemur í lokaköflum merkilegrar Jobsbókar sem hvetja má menn til að skoða.

Í öðrum kafla Jobsbókar segir frá heimsókn Satans öðru sinni eftir að hann hafði unnið sitt skaðræði á fólki Jobs, bústofni og eignum. Skoðum hana:

„ **Og Drottinn mælti til Satans: Veittir þú athygli þjóni mínum Job? Því að enginn er hans líki á jörðu, maður ráðvandur og réttlátur, guðhræddur og grandvar. Og enn þá er hann staðfastur í ráðvendni sinni, og þó hefir þú egnt mig gegn honum til að vinna honum tjón án saka. Og Satan svaraði Drottni og sagði: Nær er skinnið en skyrtan, og fyrir líf sitt gefur maðurinn allt sem hann á. En rétt þú út hönd þína og snert þú bein hans og hold, og þá mun hann formæla þér upp í opið geðið. Þá mælti Drottinn til Satans: Sjá, veri hann á þínu valdi, en byrma skalt þú lífi hans.** „ (Job 2:3-6) – Hér fáum við ákveðinn lykull upp í hendurnar um þankagang óvinarins að hann er ekki endilega upptekinn við að fella fólk umvörpum eins og gerðist í tilvikinu sem húsin hrundu yfir fólkið og drap á augabragði. Snöggur dauðdagi! Hve margt fólk kallar ekki þá á Guð sinn og hve margi menn leysir Jesú ekki á slíkri ögurstund? Um það veit engin um nema Jesú. Um það atriði fáum við svolitla kennslu í ritningaversinu þegar Jesú hékk á krossinum og ræningjarnir tveir héngu honum til sitt hvorrar handar og annar ræningjanna það Jesú að minnast sín er hann kæmi inn í himnaríki. Ræningjarnir vissu báðir að þeir biðu dauða síns og annar mannanna vitkaðist og þaðst vægðar þar sem vægð var að fá og var líka vægt, líkt og sjá má í Orðum Jesú sem sagði við hann að í dag skyldi hann vera með sér í Paradís. Ræninginn með öðrum orðum varð hólpinn þótt hann dæi á krossinum en lifði með Jesú sem sjálfur reis upp frá dauðum og er grunnur kristinnar trúar. Stórfenglegt.

Að stráfella fólk er ekki endilega sérstök óskastaða ódámsins og fær sagt okkur að stríð séu engar kjöraðstæður fyrir illvirki Satans og ára hans og þúka.

Þó einkennilegt sé að tala svona má samt velja því fyrir sér í fullri alvöru hve margt fólk stríð frelsi ekki og hve margir gefist Jesú á vald þegar lífið er að fjara út eftir skot eða sprengjuflís eða hvað annað sem menn nota gegn hvorir öðrum til að murka úr lífið? Hve margir hermenn í fremstu víglínu gefast ekki Jesú á vald áður en þeir stökkva fram gegn sínum óvin vopnaðir rifflum og byssustingjum fullvissir um að fæstir þeirra sleppi lifandi úr hildarleiknum? Þá sögu þekkir Kristur einn en engin maður.

Við sjáum kærni vinir að stríð eru engar kjöraðstæður fyrir Satan og þau verk sem hann vill vinna til tjóns lífinu á jörðinni. Aðrar aðferðir hugnast honum betur. Líka þess vegna biður Satan Guð um að fá að krukka í Job sjálfan og hann skuli sýna honum hvað á bak við þessa „ helgislepju „ hans búi að er ekki neitt sérlega heilög þegar til kastanna kemur og vel má skilja af orðunum „ **og þá mun hann formæla þér upp í opið geðið.** Og Guð leyfir þetta. Tökum alveg sérstaklega eftir því: „ **Þá mælti Drottinn til Satans: Sjá, veri hann á þínu valdi, en byrma skalt þú lífi hans.** „ – Er þetta ekki magnað?

Skoðum hvað gerðist næst í sögunni um Job:

„ **Þá gekk Satan burt frá augliti Drottins og sló Job illkynjuðum kaunum frá hvirfli til ilja. Og Job tók sér leirbrot til að skafa sig með, þar sem hann sat í öskunni. Þá sagði kona hans við hann: Heldur þú enn fast við ráðvendni þína? Formæltu Guði og farðu að deyja!** „ (Job 2:7-9) – Er kemur að því að kvelja fólk, þína fólk að þar er Satan á heimavelli. Þar er hann sérfræðingurinn sem kann sitt fag til fullnustu. Þar fær engin kennt honum neitt. Hér kljáist ódámurinn við einstaklinginn sjálfan ekki hóp manna. Og hverju vill hann ná fram í gegnum til að mynda kvalir Jobs. Afneitun hans gagnvart Guði. Afneitunin er markmiðið. Ekkert annað vakir fyrir honum með sínum aðgerðum en að heyra Job segja þessi orð: „ Ég vil ekki lengur tilheyra Guði. „ Guð heyrir þau nefnilega líka og verður að bregðast við þeim. Honum ber skilda til þess vegna eigin Orða. Orð Guðs nefnilega standa og annaðhvort virða menn þau eða hafna þeim. Munum hér að Orðið ber hreinlega skylda til að taka afstöðu manna og orðval alvarlega en gefur þeim færi á að snúa við gegnum iðrun og afturhvarf og eina leiðin sem gefin er. Afneitun Jobs, ef af yrðil, hefði fært hann frá Guði og yfir

á svæði Satans sem við það hefði tekist að hrifsa enn eina sálina úr greipum Drottins og inn í dauðann sem hann sjálfur er ofurseldur. Það er tilgangurinn með öllu sem Satan gerir og Guð sýnir okkur svo vel í sögunni um Job blessaðan og ástæðan fyrr að Satan ræðst gegn einstaklingnum og talar af reynslu þegar hann segir orðin: „ **Upp í opið geðið.** „ Hann veit að fá hann bara nógan tíma munu kvalirnar, þrautirnar, vangleðin og mæðan að lokum fá manninn til að formæla öllu sem er Guðs. Svona vinir bara er þetta. Hve margt fólk velur að formæla Guði, skapara himins og jarðar, upp í opið geðið gegnum sínar þrautir og kvalir? Það þekkir Guð einn. Trú vinir er alvörumál.

Guði sé fyrir að þakka að hann gaf manninum bænina sem trúin ýttir að honum og fær til að hrópa upp til Guðs á einhverjum tímamarki stríðsins við eigið hold, freistingar og tilfinningar. Jesú skundar til liðs við sitt fólk á tíma bænaráttarinnar og réttir fram hjálparhönd og sömu hönd og Pétur greip í er hann steig út á vatnið og gekk þar nokkurn spöl en byrjaði svo að sökkva sökum vantrúar. Allir fá sinn reynslutíma þó fæstir sem betur fer upplifi hörmungarnar sem Job og hans fólk þoldi.

Seinni átrenna óvinarins gegn manninum er það sem hann sjálfur vill gera og kann vel. Svona líka vinnur hann flest fólk og fær það til að afneita Guði sínum og formæla upp í opið geðið. Satan vill fást við manninn sjálfan einstaklingin. Margt í Biblíunni staðfestir svona málflutning. Til dæmis þetta:

„ **Heyrið þá hvað dæmisagan um sáðmanninn merkir: Þegar einhver heyrir orðið um ríkið og skilur ekki, þá kemur hinn vondi og rænir því, sem sáð var í hjarta hans. Það sem sáð var við götuna, merkir þetta.** „ (Matt 13:18-19) - Berlega kemur fram að óvinurinn sé á eftir einstaklingnum. Takið eftir því. Einstaklingnum. Og er þá vitaskuld átt við kristið fólk sem lifir í sannleikanum. Svo nálægt er hann nú hverri manneskju að hann veit meira að segja hvenær skilningi mannsins er áfátt. Þá kemur hann og stelur því sem sáð var. Og hvað gerist þá? Jú, maðurinn mun ekki geta nýtt sér sáðkornið sem sáð var í hann af þeirri augljósu ástæðu að ekkert sáðkorn er lengur til staðar til að skjóta rótum. Samanber kartöfluútsæðið sem fór ofan í moldina og einhver kom og fjarlægði. Þar sem slíkt gerist er fátt um uppskeru. Ekki satt? Þetta skiljum við.

„ **Upp opið geðið** „ - eins og hann sjálfur segir við Guð í samtali sínu við hann. Það er í gegnum kvalirnar, sorgina, höfnunina, vonbrigðin og allan þann pakka sem möguleiki opnast fyrir óvinin að knýja slíka yfirlýsingu mannsins fram og senda með sér inn í glötunina. Hver maður sem afneitar Guði með orðum sínum er gengin frá honum og ekki lengur undir hans verndarvæng: „ **Hvern þann sem kannast við mig fyrir mönnum, mun og ég við kannast fyrir föður mínum á himnum. En þeim sem afneitar mér fyrir mönnum, mun og ég afneita fyrir föður mínum á himnum.** „ (Matt 10:32-33) – Getur ekki verið skírara orðað. Að þrauka vinir er málið og til þess höfum við allar sögurnar í Biblíunni að læra af þeim og að bregðast rétt við hinu og þessu áreitinu sem oss mætir. Satan er sigraður og rúin öllu valdi. Munum þetta. Ekkert er að óttast. Höldum góða verkinu áfram. Guð er með. Sjáum bara til.

Lögmálið og frelsisverk Krists

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

Sál var maður sem Guð setti fram í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi til að sýna honum sjálfum á hvaða stað hann raunverulega væri í trúarlegu tilliti og til að benda öðru fólki með sögu hans á hvað Lögmálið í raun og veru sé að það boðar ekki kærleika heldur auga fyrir auga og tönn fyrir tönn hugsun og að menn með verkunum, unnin samkvæmt bókstaf Lögmálsins, væru Guði velþóknanlegir. Lögmálið er sem sagt þungur biti að kyngja þegar allt kemur til alls og að ekkert í kringum það veiti manninum hjálp eins og trúin á Jesú. Á þessu er munur.

Vissulega snýst Lög málið um trú en býður fólki hvorki náð né miskunn. Fólk þarfnast leiðsagnar frá hæðum vegna meðfæddrar vangetu af syndinni til að gera vilja Guðs. Í Lög málinu starfa menn í eigin mætti en styðjast við strangan bókstaf: „ **Þú skalt ekki morð fremja. Þú skalt ekki drýgja hór.** „ (2Mós 20:13-14) Gott og gilt. En hvað gerist ef og þegar á reynir? Þá þarfnast maðurinn hjálpar sem Lög málið veitir mönnum ekki og skilur eftir eina. Lög málið sýnir okkur mikilvægi frelsisverks Jesú. Merkilegt hvernig Guð hugsar þetta.

Hvað aftrar mönnum Lög málsins frá að fremja morð eða drýgja hór komi þeir sér í kringumstæður sem gerir þetta mögulegt? Út frá afli Lög málsins í raun og veru ekkert. Lög málið megnar ekki að koma þeim af staðnum svo að ekki verði af verki eins og trúin á Jesú sem vill fá þá til að kasta slíkri hugsun frá sér undireins og hún kemur upp. Aftur sjáum við mun á Lög máli og frelsisverki. Trúin eru magnað fyrirbrigði. Hórdómur er ferli sem hefst og líkur með synd fáir hann nægt fóður. Lög málið hefur engar varnir uppi fyrir manninn annan en strípaðan bókstafinn og eigin vilja sem svo lítið er hægt að stóla á og bregst líka oft á ögurstund. Þetta þekkjast menn.

Vel má segja, út frá Orðinu og hugsun Guðs um björgun mannsins, að Lög málið sé aðskotahlutur sem átti aldrei að vera með í mynd Guðs og við fáum smjörþefinn af í ritningaversunum um Lífsins tré og hin sveipandi sverð sem vörðuðu leiðina að því. Þarna er björgunarátætlunin komin en ekki vitað hver hún sé. Án náðarinnar og miskunnarinnar sem Lög málinu skortir hefur fólk engan möguleika á að ná settu marki. Bara engan.

Í öðru lagi sýnir hann í því sem gerðist með Sál þessar gríðarlegu breytingar sem á honum urðu og verða almennt á fólki sem Kristur snertir og kveikja trú í hjarta. Lög málið setti inn þekkingu. Nú veistu. Eðlið er áfram samt við sig og blossar upp við áreiti. Hvað skal ek gjöra og hvernig skal ek bregðast við?

Að hefna sín sjálfur, eins og gildi í tilviki Lög málsins með auga fyrir auga og tönn fyrir tönn boðskapnum, að þetta ákvæði dettur út hjá kristnum, heldur áfram velli hjá Lög málsfólki, og í stað hans kemur inn boðskapur um að rétta fram hægri kinn sína slái einhver mann á þá vinstri og að ganga með manni tvær mílur sem neyðir mann til að fara með sér eina mílu. Sjáanlegur munur er á boðskapnum auga fyrir auga og að bjóða mönnum hina kinnina. Að fá gert þetta með kinnhestinn er einvörðungu gerlegt með hjálp Heilags Anda og er engum manni létt verk. Munum! Hjálparinn var gefinn manningnum til aðstoðar. Hann hjálpar til við verk sem að öðrum kosti væru fólki óyffirstíganleg.

Sál þessi fæddist inn í Lög máli Gyðinga og fékk eins og aðrir landar sínir kennslu í þessum fræðum. Hann þekkti reglur þess eins og hann segir sjálfur frá, til að mynda hér: „ **Ég er Gyðingur, fæddur í Tarsus í Kilikíu, en alinn upp í þessari borg. Við fætur Gamalíels hlaut ég fyllstu uppfræðslu í lög máli feðra vorra. Guðs stríðsmaður vildi ég vera ekki síður en þér allir í dag. Ég ofsótti þá, sem voru þessa vegar, og sparði ekki líf þeirra, færði í fjötra og hnepti í fangelsi karla og konur. Æðsti presturinn og allt öldungaráðið geta borið mér vitni um þetta. Hjá þeim fékk ég bréf til bræðranna í Damaskus og fór þangað til að flytja einnig þá, er þar voru, í böndum til Jerúsalem, að þeim yrði refsað. En á leiðinni, er ég nálgast Damaskus, bar svo við um hádegisbil, að ljós mikið af himni leiftraði skyndilega um mig. Ég féll til jarðar og heyrði raust, er sagði við mig: Sál, Sál, hví ofsækir þú mig? Ég svaraði: Hver ert þú, herra? Og hann sagði við mig: Ég er Jesús frá Nasaret, sem þú ofsækir.** „ (Post 22:3-8) – Sál er vel að sér í Lög málinu en hefur sinn eigin skilningi á og túlkar það ekki rétt er kemur að kristnum með því að hann ofsótti þá sem gengu erinda Jesú sem að hans álit, endurtek hans álit, voru hreinir villutrúarmenn. Lög málið og bókstafurinn blindar Sál sem síðar varð einn okkar fremsti trúmaður sem menn æ síðan hafa lært margt og mikið af um Jesú og gönguna með honum. Ekki þó undir nafninu Sál heldur Páll.

Það sem gerðist er að Páll tók háttaskipti hugarfarsins á leiðinni til Damaskus. Og í stað þess að ganga gegn kristnum snérist hann á sveif með þeim og byrjaði að boða það sem hann áður ofsótti. Á

veginum gerðist merkilegur atburður. Sál féll af baki og lá flatur á jörðinni blindaður af skæru ljósi sem baðaði augu hans. Maðurinn sem stóð upp er Páll en ekki Sál og ástæðan fyrir að Sál kemur ekki fram nema í fyrstu köflum Postulasögunnar: „ **En hann sagði: Hver ert þú, herra? Þá var svarað: Ég er Jesús, sem þú ofsækir. En statt upp og gakk inn í borgina, og þér mun verða sagt, hvað þú átt að gjöra.** „ (Post 9:5-6) – Undirstrikuðu Orðin fá sannfært einhvern um að Páll sé komin fram en Sál dauður og grafinn. Við heyrum af Orðalaginu að Kristur er með þetta á hreinu varðandi endurfæðingu mannsins. Páll endurfæddist á þessum rykuga moldarvegi til Damaskus.

En hvers vegna nafnabreyting úr Sál í Pál? Hvað merkir hún? Hún er nokkuð augljós. Kristnir menn hræddust fátt meira á þessum dögum heldur en þennan ægilega Sál sem ofsótti þá svo mikið og þeir þekktu af vondu einu. Kristur gaf honum því nýtt nafn sem er mjög snjallt af honum að gera upp á allt framhald. Kristniboð rétt að hefjast og fáir sem sinntu verkinu og ferlið á mjög viðkvæmum stað. Vegna fólksins var nafnið Sál tekið út og nafnið Páll sett inn. Sál er að baki og verkin sem hann vann ekki til trafala lengur fyrir söfnuðina. Jesú hugsar fyrir öllu.

„ Hver er þessi Páll sem talar svo mynduglega í eyru vor og fylgir Kristi svo einarðlega? „ – gæti fólkið hafa sagt sem fékk fregnir af ræðum Páls. Er það sá manninn, eða þeir sem áður þekktu kauða, sáu andlit Sálar, líkamsbyggingu Sálar og líka að háttaskipti hugarfarsins hefur orðið og annað en Sál hafði. Búið er að svipta hulunni frá hjá Páli og hinum sem þarna gengu með Jesú sem nú gátu tekið manninn í sátt og fá til þess hjálp. Hér er komið að þætti hjálparans í verki sem hjálpar mönnum við að gera vilja Jesú Krists. Lesum um þessa hjálp: „ **Í Damaskus var lærisveinn nokkur, sem hét Ananíás. Við hann sagði Drottinn í sýn: Ananíás. Hann svaraði: Hér er ég, Drottinn. Drottinn sagði við hann: Far þegar í stræti það, sem kallað er Hið beina, og í húsi Júdasar skaltu spyrja eftir manni frá Tarsus, er heitir Sál. Hann er að biðja. Og hann hefur í sýn séð mann, Ananíás að nafni, koma inn og leggja hendur yfir sig, til þess að hann fái aftur sjón. Ananíás svaraði: Drottinn, heyrst hef ég marga segja frá manni þessum, hve mikið illt hann hefur gjört þínum heilögu í Jerúsalem. Og hér fer hann með vald frá æðstu prestunum að færa í bönd alla þá, sem ákalla nafn þitt. Drottinn sagði við hann: Far þú, því að þennan mann hef ég valið mér að verkfæri til þess að bera nafn mitt fram fyrir heiðingja, konunga og börn Ísraels, og ég mun sýna honum, hversu mikið hann verður að þola vegna nafns míns. „ (Post 9:10-16) – Nýi sáttmáli í verki og Drottin í eigin persónu mættur og lætur manninn vita að allt sé í lagi. Upplýsingarnar breyttu öllu um afstöðu Ananíás. Vilji Drottins næst hindrunarlaust fram með Pál. Fagnaðarerindð ræður við veikleika fólks. Ofanritaður texti sýnir glögglega að Nýi sáttmáli er manningnum hjálplegur.**

„ **En hugur þeirra varð forhertur. Því allt til þessa dags hvílir sama skýlan yfir upplestri hins gamla sáttmála og henni hefur ekki verið svipt burt, því að aðeins í Kristi hverfur hún.** „ (2Kor 3:14) Háttaskipti hugarfarsins kemur með endurfæðingunni og hún tekur örskotstund. Hér er ákveðin leyndardómur á ferð sem merkilegt er að ígrunda sjálfum sér til skilnings. Hér er ástæðan kominn hví Gyðingapjóðin sá ekki Jesú Kristi sem friðarhöfðingjann og Messías nema nokkrir sem Drottinn miskunnaði sig yfir og setti undir náðina til að fá hafið mikilvægt verkið eftir upprisu Jesú. Þeir sem sagt höfnuðu honum og skýlan var áfram fyrir og meinaði þeim aðgang að skilningnum, sannleikanum, sem til þarf svo að menn fái séð Jesú með trúnni og hjartanu.

Er Sál, nú orðinn Páll, stendur á fætur á moldarveginum upplýkst fyrir honum gríðarlegur munur þessara tveggja sáttmála. Páll kemur auga á villuna sem hann framgekk sjálfur í með ofsóknum sínum á hendur fylgjenda Jesú og sér að hann þekkti Messías ekki af kennslu Gamla testamentisins er hann loks kom þó fjallað væri um komu hans á fleirum en einum stað og hann margsinnis fræddist um. Ekki gat Gamalíels heldur dregið upp fyrir Sál nothæfa mynd af Messías né kannski sjálfum sér er upp var staðið.

Öndvert við Lögmálið þá kallar frelsisboðskapurinn fyrst og fremst eftir trú mannsins á móti beinum verkum í Lögmálinu. Og svo hitt! Brot gegn einu ákvæði Lögmálsins gerir manninn sekan við öll

hin. Við sjáum að það að verða hólpinn er mannum nánast óframkvæmanlegt í gegnum Lögmál Gyðinganna sem þeir sjálfir báðu um í formi reglna til að fylgja. Vinir! Biðjum góðar bænir ekki vondar bænir.

Bara einn maður hefur hingað til staðist afdráttarlausa kröfu Lögmálsins. Maðurinn Jesús frá Nasaret. Innreið náðarinnar, fyrirgefningarinnar og miskunnseminnar kemur fólki þangað sem Kristur er gegnum trúna sem hreiðrar um sig í hjartanu. Trúin sýnir okkur Krist, mátt hans og dýrð. Útilokað er að verða hólpinn með tómun verkum og komst þannig til lifandi Guðs.

Hvaða verk er verið að tala um sem vinna skal og Lögmálið bíður. Um þau má lesa í Mósebókunum og vel hægt að hvetja menn til að kynna sér þau og bera saman við kærleiksboðskap Drottins og sjá sjálfur muninn. Menn vilja ekki skipta.

Lögmál Krists er milt. Það bíður náð, það bíður miskunn, það bíður frelsi, það bíður allskonar aðrar lausnir fólki til handa og stendur við allt sem það segir en breytir ekki hinu að maðurinn þarf trú og vilja til að leita á náðir trúarinnar. Trúin er nauðsýnleg. Að framganga í trú á Krist og vera heill á göngunni og taka daglega sinn kross og bera er erfiðara verk en margur hyggur. Sá sem trúir þessu ekki skal sjálfur reyna hvort svo sé ekki. Hver maður þarf sjálfur að bera sinn eigin kross. Geri hann það ekki hefur Kristur enga velþóknun á honum og talar sjálfur á þann veg. Hart? Kannski en samt það sem Orðið segir:

„ En ég segi yður: Hér er meira en musterið. Ef þér hefðuð skilið, hvað felst í orðunum: Miskunnsemi vil ég, ekki fórnir, munduð þér ekki hafa sakfelld saklausu menn. Því að Mannssonurinn er herra hvíldardagsins. „ (Matt 12:6-8) - Kristur talar djarflega til fólksins um menn sem Gyðingabjórðin bar mikla virðingu fyrir og þekkti af lestri Gamla testamentisins en klikkir svo út með orðunum að hér, bendir á sig sjálfan, sé meira heldur en musterið, meira heldur en Salómon, meira heldur en Davíð, meira heldur en Abraham. Með öðrum orðum að þá ýtir Jesús öllu til hliðar sem þjóðin hingað til hafði elskað, virt og dáð og lætur sjálfan sig standa einan eftir og fer sjálfur fram fyrir alla hina mennina. Djarft, ekki satt? Hann er jú Messías. Fæstir tóku við þessum boðskap en við sem lesur þessar línur vitum að Jesús er Friðarhöfðinginn sem Gyðingar væntu í aldir. Sumir misstu af og enn eru til menn sem missa af. Þú maður! Ekki missa af.

Sál er ennþá að sprikla og vinna sín "Þarfaverk" að hann sjálfur taldi og kemur enn með sama eindregna hætti og áður gegn skírur vilja Guðs með Soninn og uppbygginguna sem honum er ætlað gegnum söfnuði sína. Kannski að Lífsins tré og hin sveipandi sverð sé ekki skír mynd en samt mynd upp á Jesús til lausnar Gyðingum og öllu mannkyni. Og það varð og kom með kirkjunni. Biblían segir sjálf að hjálpræðið komi frá Gyðingum. Og hér er þetta hjálpræði. Það kom í Kristi.

Lögmálið var skotið inn í lífið án þess að hafa verið með í upphaflegri áætlun Guðs og varð til í eyðimerkurgöngunni og þar innanum og samanvið allt röflið, nöldrið og óhlýðnina sem fram fór í hópnum sem orðið „leiddist“ þessi Guð sem annað veifið talaði við Móses sem á eftir flutti fólkinu öll Orðin sem þeim fór á milli. Eftir fund Móses á fjallinu kom hann loks niður til fólksins með tvær skrifaðar steintöflur, Lögmálið, og reglurnar sem fólkið sjálft bað um. Hver skilur mannhjartað og beiðni þess oft á tíðum?

Ljóst er að engin, sé Jesús undanskilinn, verður hólpinn fyrir Lögmálið. Hér þarf ekki annað en að skoða ákvæðin og spekulera í þeim til að komast að raun um þetta atriði. Sem leiðbeiningartæki fyrir líf manna er Lögmálið dæmt til að mistakast. Meira að segja fagnaðarerindið sem þó inniheldur fullt af leiðum fyrir manninn til að snúa til baka er alveg nógu erfitt fyrir fólk hvað þá heldur Lögmálið í sínum ósveigjanleika. Það skal bara haldið.

Sál var maður Lögmálsins eins og aðrir Gyðingar á þessum tíma og harður andstæðingur allra sem breyttu á skjön við það. Kristur kom inn í umhverfi Lögmálsins er það hafði lengi verið virkt í

samfélaginu. Við vitum að Kristur kom ekki til að afnema Lögmálið heldur uppfylla. Einnig það er merkilegt en skírist í hugsuninni að Guð talaði og þá stendur það þar.

Menn sem gera Krist að sínum átrúnaði lifa ekki lengur í strangleika Gamla sáttmála heldur frelsi Nýja sáttmála. Það er í Nýja sáttmálanum sem menn fljúga upp á vængjum arnarins og yfir alla erfiðleika og ungir menn fá fullan styrk sem ætla að hníga. Þetta sá Sál ekki og gekk því fram í sínu offorsi og teljandi sig gera rétt en vaknar upp við vondan draum á moldarveginum. Og vitleysan í honum blasir við köld og óhrekjandi. Enn einn reiður ungur maður á ferð og ekki sá fyrsti og heldur ekki sá síðasti. Kristur sýndi honum stöðuna svart á hvítu með öflugri rödd sinni sem kastaði honum úr hnakknum og frelsaði í rykmekki moldarvegarins. Hinn mikli Sál er orðin blindur og ósjálfbjarga og þarf hendur manna í kring, undirmanna sinna, til að leiða sig áfram. Hvar varð af kappanum Sál? Niðurlægning og hún ekki lítil. Ekki satt?

Lögmálið var aflið sem átti að leiða fólkið frá degi til dags og harðar refsingar og dauðadómur boðaðir gengju menn á skjön við það. Að refsa ekki fyrir brot, sannað auðvitað, var ekki til heimild fyrir og svo af Guði mælt. Er Guð þá ekki réttlátur og góður Guð? Vissulega. Munum hér að Orð Lögmálsins eru réttlátt, góð, gagnleg og gild en erfiðleikum bundið fyrir menn að fara eftir þeim vegna syndarinnar og án Anda Guðs búandi í holdi sem endalaust kemur gegn vilja Guðs og neitar að gera hið góða, fagra og fullkomna nema tilknúid. Maðurinn þarf Jesú og að vera undir náð hans og miskunn. Hann er málið. Engir menn.

Vel má halda því fram að Guð grípi svolítið fram í fyrir hendurnar á sér sjálfum með ákvæðinu í fagnaðarerindinu um náðina, fyrirgefninguna og miskunnina. Með þessum ákvæðum, urðu að vera inni og fest á blað, Drottinn vinnur samkvæmt sínu skráða Orði, þá opnaðist honum leið til að miskunna fólki sem brotlegt er. Sagan um týnda soninn í einu guðspjallanna er ágætt dæmi um þetta. Lögmálið býður ekki upp á neitt svona.

Lögmálið kveður á um að við sumum afbrotum manna liggi dauðadómur. Einn var félli fólk fram fyrir öðrum guðum en lifandi Guði og tilbæði líkneski. Þetta var dauðavert samkvæmt ákvæðum Lögmálsins og sett inn til að þjóðin héldist hrein. Guð leggur mikla áherslu á hreinleika inn í sínu húsi. Gildir enn. Hér hugsar hann ekki um sig sjálfan heldur fólkið sitt. Frá syndafallinu hefur heimurinn allur legið í hinum vonda og nokkuð sem Guð veit en maðurinn ekki í öllum tilvikum. Gerði maðurinn sér fyllilega grein fyrir þessu er þá líklegt að hann kallaði sjálfur og máski ítrekað eftir ódáminum og biði honum samstarf? Varla. Þetta er ástæðan fyrir að Guð heldur sjálfur húsi sínu hreinu.

Skapari himins og jarðar er einn. Biblían kennir það og trúin á Jesú Krist sannfærir fólk um þetta og Lögmálið einnig. Þarna ganga Lögmál og fagnaðarerindi samhliða. Samt var ástandið oft þannig í Ísrael að guðirnir sem menn féllu fram fyrir voru jafnmargir íbúum landsins og hver af þeim með sinn eigin guð til að tilbiðja. Frjósemisguð, hamingjuguð, uppskeruguð, regnguguð, þurrkguð. Og gerðist þetta þó Guð talaði margsinnis til þjóðar sinnar um að feta ekki í fótspor þjóðanna í kring né falla fram fyrir falsguðum þeirra en var oft landlægt í Gyðingalandi. Við sjáum að Lögmálið réð ekkert við fólkið sem horfði framhjá breyskleika holdsins og vilja holds og huga. Lögmálið bauð enga hjálp aðra en bókstafinn, enga náð, enga miskunn, enga fyrirgefningu né gátu menn, að séð verður, með neinum einföldum hætti snúid til baka gerðust þeir brotlegir nema hugsanlega gegnum iðrunina, eins og sjá með Davíð konung sem syndgaði með Bersebu og gat með henni barn og vann myrkraverk í kjölfarið á einmanni hennar til bjargar eigin skinni. Höfundur veit ekki hvort tími Davíðs konungs var á undan eða eftir Móseslögnum sem hér er fjallað um. Lögmálið er ekki jafn gamalt mannkyni. Svo mikið er víst.

Sá sem vill iðrast losar sig við allan hroka. Hann skal og vita að hroki og sönn iðrun fá ekki starfað saman og verður annað að víkja til að hitt komist að. Meira að segja fagnaðarerindið í mildi sinni segir hið sama. Hrokinn verður að víkja vilji menn ná fram í sér sjálfum sannri iðrun. Og Jesú opnar

faðm sinn móti þeim alveg á sama hátt og við soninn (Týnda soninn) sem fór frá honum en gekk svo í sig sjálfan og kom til baka fullur iðrunar. Iðrunin er málið fyrir alla brotthlaupna.

Lögmálið bíður sínum að lífláta fólk verði það uppvíst að brotum sem dauðadómur liggur við:

„ Og Drottinn talaði við Móse og sagði: Leið þú lastmælandann út fyrir herbúðirnar, og allir þeir, er heyrt hafa, skulu leggja hendur sínar á höfuð honum, og því næst skal allur söfnuðurinn grýta hann. Og þú skalt tala við Ísraelsmenn og segja: Hver sá, er formælis Guði sínum, bakar sér synd. Og sá er lastmælis nafni Drottins, skal líflátinn verða. Allur söfnuðurinn skal vægðarlaust grýta hann. Hvort heldur er útlendur maður eða innborinn, lastmæli hann nafninu, skal hann líflátinn. Og ljósti einhver mann til bana, skal hann líflátinn verða. „ (3Mós 24:13-17) – þarna er talað um lastmælandann og afgreiðsluna sem Lögmálið ætlar honum.

Í eyðumörkinni gerist margt merkilegt. Þar að dæmi sé tekið kom Lögmálið, þar lesum við um Gullkálff sem fólkíð smíðaði sér til að leiða sig. Í eyðimörkinni kom fram þessi gjörgæsla Guðs með fæðunni sem hann gaf fólkinu daglega og er hann varðveitti fót fólksins sem það klæddist sem ekki slitnaði og var áfram sem nýtt. Já, eftir fjórtíu ára stanslausa notkun.

Má vera að einhverjir hlægi að þessu uppátæki blessaðs fólksins um Gullkálffinn og finnist atvikið fyndið og kannski líka heimskuleg aðgerð. En lítum okkur nær. Má nefnilega vera að það fái okkur til að líta í eigin barm.

Já elskuðu bræður og systur! Er þetta með Gullkálffinn svo hlægilegt sé málið betur skoðað? Á hvað erum við að horfa og um hvað að ræða að stórum hluta inn á kaffistofunum, í blöðunum? Og hvað með fréttirnar? Hverju eru þær uppfullar af dags daglega? Hvað helst kallar fólk út á göturnar og fær til að beita jafnvel ofbeldi og gera á óskunda? Hvað gerist á stjórnarfundum fyrirtækja sem koma saman til að ræða sín framtíðaráform? Í hvað taka háttvirtir Alþingismenn stóran part af tíma sínum í ræðustól háttvirts Alþingis og hvað tala ráðherrar hæstvirtrar ríkistjórnar um á fundum við fréttamanna? Að mestu um peninga. Hvað á meðal manna er fyrirferðameira heldur en umræðan um peninga, öflun peninga hvort sem er í formi skatta og gjalda ýmiskonar eða sölu þessa varnings og hins varningsins sem fyrirtækin framleiða og á þessu og hinu verði. Af hverju eru mál í þessum farvegi á meðal okkar? Svárið er augljóst. Menn leitast áfram við að láta féð leiða sig um götur velsældar, hagsældar, hamingju og öryggis og sjá ekkert annað betra. Jafn gamalt og þreytt og það nú er. Já þreytt.

Hvað hafa margar alvarlegar fjármálakrísur orðið sem skóku samfélög vor á síðastliðnum eitt hundrað árum? Tvær? Fimm? Tíu? Hve margar? Og hvað gerir blankur maður sem búinn er að missa trúna? Hann situr og horfir í gaupnir sér og grætur beiskum tárnum vegna aðstæðnanna sem hann er komin í. Búinn að gefast upp og stendur í biðröð við dyr stofnana sem úthluta matargjöfum og er sumpart útskúfað í heimi sem sneiddur er kærleika og miskunnsemi. Í heimi sem ekki þykir lengur vænt um náungann en krefst síns réttar og hefur litla löngum til að láta gott af sér leiða nema fyrir sig sjálfan. Svona er heimurinn í dag. Glímdi ekki Móses dægrin löng einmitt við hið sama og lét mæða sig þarna í eyðimörkinni með sitt fólk í kringum sig sem of oft leist illa á blikuna, of oft var í þessum gir í dag og allt öðrum gir næsta dag og allt við suðupunkt þriðja daginn og hvergi sjáanleg von í kringumstæðum? Það sem horfði til Guðs með hjarta sínu hélt sinni von. Lausnin fyrir Ísraelsmenn lá í honum sem sást í eldstólpa á nóttinni og skýstólpa á daginn og er svo enn.

Nei vinir! Við hlægjum ekki með neinni sanngirni að Gullkálffinum né heldur fólkinu sem smíðaði þetta líkneski heldur reynum að læra af hugsuninni sem að baki bjó og að sjá örvæntinguna sem greip um sig í þessum ráðvillu hjörtum til að bregðast ekki eins við á erfiðleikatímum heldur gera betur og treysta Guði oftast fyrir heill okkar og framtíð. Saga eyðimerkurgöngu Ísraelsmanna er skrifuð til að læra af henni. Kjarni boðskaparins er sem fyrr þessi: „ Treystum Guði. „

Að sjá hefur bankahrunið í engu breytti afstöðu Íslendinga og sýn vorrar þjóðar um mátt fjármagnsins. Finnst mönnum það annars? Er ekki féð að mati flestra manna ennþá eina sjáanlega lausn flestra mála og að eiga til nóg af peningum besta leiðsögutæki sem völ sé á til framtíðar litið? Hlægjum ekki hátt að Gullkálfi þeirra Ísraelsmanna. Enda á sama báti með nákvæmlega sömu hugsanir og lausnir í höfðinu og þeir í örvæntingunni.

Í dag er það íslenski og útlenski fjárfestirinn sem er okkar Gullkálfur. Sé hann bara með nógu gott bakland er hann velkominn. „Leiddu okkur“, sagði fólknið og féll fram fyrir eigin handarverki og Móses á leið til þeirra með umbeðnar reglur frá Guði til að fylgja. Og enn eru til menn sem segja: „Gullkálfur! Leiddu okkur út úr kreppunni og inn í aðstæður sem eru okkur viðráðanlegur. Gullkálfur! Bjarga þú. „ - Svona er hrópað af þeirra ástæðu að fólk kemur ekki auga á mátt og mikilleik Jesú. Er það ekki sannleikur málsins?

Hví smíðar fólk sér Gullkálfr? Af einni ástæðu. Guð er ekki lengur í sætinu sem honum ber hjá því. Hve oft bendir ekki sagan á okkur sjálf og sýnir að við gerum hið sama og erum í sömu örvæntingu að reyna eitt og annað? Svona getum við látið Orð Guðs leiða okkur fram og til baka í þessu öllu saman til fræðslu og komist að raun um að ekkert sé nýtt undir sólinni og allt fari í endalaus hringi.

Hið sorglega við eyðimerkurgönguna er að engin Ísraelsmaður sem lifði sem þræll í Egyptalandi komst inn í fyrirheitna landið heldur aðeins afkomendurnir. Að vísu stór hópur fólks. Þeir einu af öllum hópnum sem yfirgaf Egyptaland og komust með voru kapparnir Jósúa Núnsson og Kaleb Jefúnneson. Höfðu þeir enda annan anda í brjóstinu heldur en hitt fólknið. Við sjáum að ekki er sama hver andinn er sem við berum í hjarta voru.

Eftir lesturinn hér á eftir sjáum við að upp er kominn vægast sagt eldfim staða og Ísraelsmönnum háskaleg. Skoðum málið:

(4Mós 14:11-14)

„**Drottinn sagði við Móse: Hversu lengi mun þessi þjóð halda áfram að fyrirlíta mig, og hversu lengi munu þeir vantreysta mér, þrátt fyrir öll þau tákni, sem ég hefi gjört meðal þeirra? Mun ég nú slá þá með drepsótt og tortíma þeim, en þig mun ég gjöra að þjóð, meiri og voldugri en þeir eru. Móse sagði við Drottin: En Egyptar hafa heyrt, að þú hafir með mætti þínum flutt þennan lýð burt frá þeim, og þeir hafa sagt það íbúum þessa lands. Þeir hafa heyrt, að þú, Drottinn, sért meðal þessa fólks, að þú, Drottinn, hafir birst þeim augliti til auglitis, og að ský þitt standi yfir þeim og að þú gangir fyrir þeim í skýstólpa um daga og í eldstólpa um nætur.** „ - Kvartanirnar, allt röflið, vanþakklætið og stríðið gegn Guði hefur komið fólkinu út á kaldan klaka með yfirlýsingu Guðs um að hann muni tortíma því en segir við Móses að hann sjálfan, það er Móses, muni Guð gera að voldugri þjóð. Af hverju? Móses var maður eftir hjarta Guðs og honum hlýðinn og undirlátur og vann í vilja hans. En hvers vegna vægði Guð fólkinu. Af bara einni ástæðu. Móses bar fram bæn til Guðs síns og fékk hann ofan af sínum áformum og rökstuddi sitt mál. Skoðum meira.

(4Mós 14:19-24)

„**Fyrirgef misgjörðir þessa fólks eftir mikilli miskunn þinni og eins og þú hefir fyrirgefið þessu fólki frá Egyptalandi og hingað. Drottinn sagði: Ég fyrirgef, eins og þú biður. En svo sannarlega sem ég lifi og öll jörðin er full af dýrð Drottins: Allir þeir menn, sem séð hafa dýrð mína og tákni mín, þau er ég gjörði í Egyptalandi og í eyðimörkinni, og nú hafa freistað mín tíu sinnum og óhlýðnast röddu minni, þeir skulu vissulega ekki sjá landið, sem ég sór feðrum þeirra. Og engir þeirra manna, sem mig hafa fyrirlitið, skulu sjá það. En af því að annar andi er yfir þjóni mínum Kaleb, og af því að hann hefir fylgt mér trúlega, þá vil ég leiða hann inn í landið, sem hann fór til, og niðjar hans skulu eignast það.** „ - Við sjáum að hér hefur Guð breytt

sinni upphaflegu áætlun um fólkið og ferðina yfir til landsins sem flaut í mjólk og hunangi með yfirlýsingunni um að engin sem sá krataverkin sem Guð vann á Egyptum kæmist til fyrirheitna landsins. Skoðið aðra Mósebók frá og með sjöunda kafla. Þar er lesning um allt sem Guð gerði í Egyptalandi og hvernig Egyptar fengu ítregað að kynnast mætti Guðs vegna harðúðar og þrjósku Faraós sem lengi vel vildi ekki leyfa fólki Guðs að fara frá sér en varð að endingu að sleppa af því hendinni eftir mikil harmkvæli heima fyrir. Það er þarna, með yfirlýsingu Drottins við Móses, sem segja má að fjörtíu ára eyðimerkurganga Ísraelsmanna hefjist og úr þessu engin von til að henni ljúki fyrr heldur en kynslóðin sem sá kraft Guðs opinberast á Egyptum er horfin á vit feðra sinna. Uppreisnin og ströggfólksins gegn Guði sem sagt hafði sínar afleiðingar og afskaplega lærdómsrík kynslóðunum sem á eftir komu.

Kristur færði okkur betri boðskap en mennirnir báðu Guð um og við þekkjum sem Lögmál Gyðinga. Guð heyrir hvað fólk er að tala um við sig. Sumt sem það biður um er til gæfu annað til vanblessunar. einkennilegt en Guð heyrir í fólkinu og bregst við. Biðjum Guð um það sem má verða okkur til heilla og farsældar. Biðjum góðar bænir. Það er góð kennsla og Guði velþóknanleg

Lögmálið og náðin

Fyrir margra hluta sakir þá er saga Krists merkileg. Hún fjallar um mann sem kom og gegndi sínu hlutverki á jörðinni og skildi eftir sig arfleifð sem allir sem á eftir honum koma njóta góðs af. Allir hafa svo sem hlutverk á jörðinni en engin sama Kristur sem fullnaði verk sitt og birtist mannkyni fram á vorrann dag á krossinum og undirstrikað og áréttað í upprisunni, er Kristur settist til hægri handar Föðurnum. Hlutverk Krists var eitt. Vinna vinnuna sína og deyja á krossinum. Allir vita að Kristur fór þangað með svikum en samt sjálfviljugur. Þetta kemur fram í svokölluðum réttarhöldum yfir honum þar sem leidd voru fram ljúgvottar sem sögðu eitt og annað. Hið merkilega við málið eru viðbrögð Krists sjálfs sem raunverulega sagði aldrei neitt og gaf sjálfan sig honum á vald sem öllu ræður - Föðurnum á himnum. Ásakanir manna lét hann bara yfir sig ganga og sem vind um eyrun þjóta. Athyglisvert. Eitt leiddi af öðru og sagan endaði á krossinum og um leið kom nýtt tímabil, upphaf, með náðinni, miskunninni og fyrirgefninguninni: Skoðum söguna:

„ Jesús svaraði: Mitt ríki er ekki af þessum heimi. Væri mitt ríki af þessum heimi, hefðu þjónar mínir barist, svo ég yrði ekki framseldur Gyðingum. En nú er ríki mitt ekki þaðan. Þá segir Pílatus við hann: Þú ert þá konungur? Jesús svaraði: Rétt segir þú. Ég er konungur. Til þess er ég fæddur og til þess er ég kominn í heiminn, að ég beri sannleikanum vitni. Hver sem er af sannleikanum, heyrir mína rödd. Pílatus segir við hann: Hvað er sannleikur? Að svo mæltu gekk hann aftur út til Gyðinga og sagði við þá: Ég finn enga sök hjá honum. „ (Jóh 18:36-38) – Kristur gerir enga tilraun til að verja sig neitt þrátt fyrir erfiðar og reyndar vonlausar aðstæður heldur segir Pílatusi hið sama og aðrir fengu á heyra og sannleikan um sig sjálfan. Stórkostlegur maður.

Krafturinn kom svo skömmu síðar og eftir svokölluð réttarhöld og eftir krossinn og birtist í gjöf Heilags Anda. Þannig líka viðhelst kraftur Krists á meðal okkar. Kraftur sem býr í trúuðum og gerir þá færa um að vinna sömu verk og margir samtímamenn hans urðu vitni að hjá Drottni sem þeir aldrei áður höfðu upplifað á ævinni. Hver annar en Kristur snéri lífsanda manna við og sagði honum að taka sama stað og reisa manneskju upp frá dauðum? Að þessu varð margt samtímafólk Jesú vitni. Margt trúað fólk í dag upplifir margvíslegt vegna kraftsins frá hæðum. Já, frá hæðum.

Jesú réðist gegn ofurvaldi myrkursins og kveikti eilíft ljós sem lýsir á meðal manna og gerir enn í trú trúaðra. Hann tók að sér verkefni sem engin annar en hann hefði getað hróflað við né sigrað. Jesú var í fullu samstarfi við hann sem skóp og gerði. Og hann fær engin sigrað. Biblían segir frá einni slíkri tilraun á himnum af aðila sem heitir Satan. En honum varð ekki kápan úr því klæðinu og fékk

ódámurinn á sig dóm og rúin öllum sem hann áður var með og í hann sett öll illska sem til er og honum varpað með öllu þessu í sér til jarðarinnar. Skoðum ritningavers:

„ Þú varst í Eden, aldingarði Guðs, þú varst þakinn alls konar dýrum steinum: karneól, tópas, jaspis, krýsolít, sjóam, onýx, safír, karbunkul, smaragð, og umgjörðir þínar og útlflur var gjört af gulli. Daginn, sem þú varst skapaður, var það búið til. Ég hafði skipað þig verndar-kerúb, þú varst á hinu heilaga goðafjalli, þú gekkst innan um glóandi steina. Þú varst óaðfínanlegur í breytni þinni frá þeim degi, er þú varst skapaður, þar til er yfirsjón fannst hjá þér. Fyrir þína miklu verslun fylltir þú þig hið innra ofríki og syndgaðir. Þá óhelgaði ég þig og rak þig burt af goðafjallinu og tortímdi þér, þú verndar-kerúb, burt frá hinum glóandi steinum. Hjarta þitt varð hrokafullt af fegurð þinni, þú gjörðir speki þína að engu vegna viðhafnarljóma þíns. Ég varpaði þér til jarðar, ofurseldi þig konungum, svo að þeir mættu horfa nægju sína á þig. Með hinum mörgu misgjörðum þínum, með hinni óráðvöndu kaupverslun þinni vanhelgaðir þú helgidóma þína. Þá lét ég eld brjótast út frá þér, hann eyddi þér, og ég gjörði þig að ösku á jörðinni í augsyn allra, er sáu þig. Allir þeir meðal þjóðanna, er þekktu þig, voru agndofa yfir þér, þú fórst voveiflega og ert eilíflega horfínn. „ (Esk 28:13-19) - hér má lesa litla lesningu um þessa hrokafyllstu uppreisn sem sögur fara af og hver afdrif uppreisnarseggsins urðu. Engin glæsilesning en partur af mannkynssögunni og orsök allra ógæfu jarðarbúa. Fljótlega eftir að búið var að skapa fyrstu tvær manneskjurnar kom í ljós veikleiki í þeim og í ljós kom hversu auðvelt það er að sannfæra þær um eitt og annað þó í hjartanu búi sannleikur frá honum sem fólkið vissi að var sannorður og væru varnaðarorð til þeirra. Adam og Eva þekktu frá fyrstu tíð Guð sinn og vissu að best fyrir þau væri að taka Orð hans alvarlega. Sem þau á endanum völdu að gera ekki. Og bjuggu til þraut fyrir allt mannkyn.

Maðurinn þarf að vera með sitt á þurru landi og báðar fætur á jörðinni. Sérílagi eftir að verk Krists var fullkomnað og allt gert tilbúið fyrir fólk að sækja í allan nauðsýnlegan styrk sem fæst í trúnni. Kristur kom með trúna sem byggir á náð og fyrirgefningu syndanna. Segja má að náðin hafi aftur komið til fólksins. Fyrir tíma Lögmálsins var náð og er merkilegt að hugleiða og líka hitt hversu oft menn biðja um eitthvað sem þeir hafa ekki hugmynd um hvað sé. Lögmálið megna ekki að frelsa nokkurn mann. Náðin er sem sjá má betri kostur. En menn voru ekki glaðir og kröfðust regluna af Guði til að fara eftir. Og þær birtust þeim ritaðar á tvær steintöflur sem þeir eftirleiðis þurftu að sanna sig með af verkunum og gera í anda boðorðanna tíu sem eru svo ströng að engin maður megna neitt andspænis þeim. Boðorðin tíu eru sett upp með þeim hætti að brjóti menn eitt hrynur allt til grunna og þeir orðnir sekir við öll hin nýu boðorðin. Svona setti Guð sjálfur málið upp og er nokkuð snjallt bragð af hans hálfu að útbúa þetta ægilega tæki til að fá lækkað rostann í sínu fólki. Allt hjá Guði miðar nefnilega til góðs. Hið góða skyldi nást fram. Menn skildu viðurkenna þó síðar væri að án beinnar aðstoðar og leiðsagnar hins hæsta á hinnum væri mannum ókleift að standa sig í lífinu með neinum sómasamlegum hætti, og er hugsunin í grunnin að baki Lögmálsins. Að Lögmálið sé svona hart og ósveigjanlegt er gleggsti vitnisburðurinn um hvað að baki bjó. Guð ætlaði sínu fólki annað og betra. Munum! Ísraelsmenn sjálfir báðu Guð um nokkrar reglur til að fara eftir. Sem hann varð við. Enda góður Guð sem heyrir hvað fólk segir og bregst við orðum manna: Skoðum Orðið:

„ Drottinn sagði við Móse: Högg þér tvær töflur af steini, eins og hinar fyrri voru. Mun ég þá rita á töflurnar þau orð, sem stóðu á hinum fyrri töflunum, er þú braust í sundur. Og ver búið á morgun og stíg árla upp á Sínaíffjall og kom þar til mín uppi á fjallstindinum. Enginn maður má fara upp þangað með þér, og enginn má heldur láta sjá sig nokkurs staðar á fjallinu. Eigi mega heldur sauðir eða naut vera á beit uppi undir fjallinu. Þá hjó Móse tvær töflur af steini, eins og hinar fyrri. Og hann reis árla næsta morgun og gekk upp á Sínaíffjall eins og Drottinn hafði boðið honum og tók í hönd sér báðar steintöflurnar. Þá steig Drottinn niður í skýi, en staðnæmdist þar hjá honum og kallaði nafn Drottins. Drottinn gekk fram hjá honum og kallaði: Drottinn, Drottinn, miskunnsamur og líknsamur Guð, þolinmóður, gæskuríkur og harla trúfastur, sem auðsýnir gæsku þúsundum og fyrirgefur misgjörðir, afbrot og syndir, en lætur þeirra þó eigi með öllu óhegnt, heldur vitjar misgjörða feðranna á börnum og

barnabörnum, já í þriðja og fjórða lið. „ (2Mós 34:1-7) – Hér er komið sögunnar að Móses fer öðru sinni upp á fjallið. Fyrri ferð hans endaði með ósköpum er hann kom ofan og leit búðirnar og sá að þar væri ekki allt með felldu og fólkið búið að smíða sér gullkálfi, hjáguð, til að leiða sig. Hóf hann þá steintöflurnar í hendi sér á loft og fleygði þeim niður og eyðilagði þær. Ekki tók það fólkið lengri tíma en þetta að láta afvegaleiðast. Og hver afvegaleiddi það? Það sjálf með tali sínu og svartsýni sem vissi ekki hvað orðið væri um þennan Móses, líkt og fram kemur í textanum og margir þekkja af lestri Mósebókanna. Dvöl Móses með Guði á fjallinu voru fjórtíu dagar. Hversu stuttan tíma tekur fólk að missa áttir og hver skilur mannshjartað: Skoðum þessi tíu boðorð:

Boðorðin tíu:

- 1. Ég er Drottinn Guð þinn, þú skalt ekki aðra guði hafa.**
- 2. Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma.**
- 3. Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan.**
- 4. Heiðra skaltu föður þinn og móður.**
- 5. Þú skalt ekki morð fremja.**
- 6. Þú skalt ekki drýgja hór.**
- 7. Þú skalt ekki stela.**
- 8. Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum.**
- 9. Þú skalt ekki girnast hús náunga þíns.**

10. Þú skalt ekki girnast konu náunga þíns, þjón, þernu né nokkuð það sem náungi þinn á. „ (2Mós. 20) - Merkileg lesning. Ekki vantar það. Bara fyrsta boðorðið er spurning um hversu margir fá haldið. Guðirnir í lífinu geta verið margir til að falla fram fyrir. Og svona gætum við haldið áfram að telja. Að halda þau öll og lifa samkvæmt þessum boðorðum er ekki neitt auðvelt mál. Sá sem slíkt gerir og getur er bara fullkominn maður. Aðeins einn svoleiðis hefur sett fótspor sín á jörðina. Maðurinn Jesú Kristus. Sem náði marki og dó syndlaus. Hvílíkt afrek.

Munum að bæn er bæn og ákveðin staður sem menn fara á sem biðja. Þeir setja sig, þannig séð, í ákveðnar stellingar af andlegum toga. Á bænastaðnum er orðunum beint til hans sem er hið efra. Og hann hlustar. Þetta fær kennt okkur lexíu. Bænin þarf bæði að vera vel beðin og rétt beðin til að vera það sem henni er ætlað til að hún breytist ekki í bastarð. Eins og vel má halda fram og rökstyðja um annars ágætt Lögmálið (allt er gott sem frá Guði kemur) sem engin maður fær haldið sjálfum sér til lífs og var, strangt til tekið, engum manni lausn og er ekki enn. Boðorðin eru með þær kvaðir í sér að þau öll séu haldin eða allt er ónýtt. Svart og hvítt. Lögmálið miðar við verk manna sem þá vinna í anda Lögmálsins. Við sjáum að þau eru full af heilræðum en gera þó ekki ráð fyrir meðfæddum breyskleika fólks. Þú skalt ekki drýgja hór, segir þar að dæmi sé tekið. Sá hinsvegar sem drýgir ekki hór en virðir, segjum, ekki föður sinn og móður er orðin sekur við allt heila dæmið og í raun vonlaus frami fyrir Guði. Öndvert við náðina sem gefur mannum tækifæri út í hið óendanlega á að snúa við. Iðrunin undir náðarverkinu er leiðin sem gefin er. Allir geta iðrast.

Lögmálið tekur ekki á veikleika mannsins né heldur þeim sannleika að hver maður eigi sér misjafna daga sem gerir hann veiklundaðan og lítinn í sér þó inn á milli, og oftast nær, sé hann öflugur. Við sjáum að engin gerir bara góðverk né er án hrösunar. Og hver er sá maður annar en Kristu? Ein vond hugsun, eitt vont verk, breytir öllu fyrir fólk undir byrðum Lögmálsins sem eftirleiðis verður dómari

Þess sem engin leið er að komast undan. Kristur leysir menn frá þessum bagga sem Lögmálið er en þó ekki fyrr heldur en eftir að hann kom sjálfur til skjalanna með fagnaðarerindið, sem hleypir mönnum inn í lífið og alla leið til himins.

Lögmálið er ekki lausnari nokkurs manns þó líklegt sé að fólkið hafi átt við það er það bað um reglur til að fara eftir og að Guð setti sjálfan sig til hliðar. Sem er kjarni beiðni fólksins á þessum tíma: „Við viljum ekki að þessi Guð tali oftast til okkar.“ - sagði það. Og: „Við höldum okkur bara við reglurnar hans. Og málið dauft. Þær eru ekkert mál.“ - Svona gæti umræðan í hópnum hafa verið. Annað kom á daginn. Strangt Lögmálið gaf enga hjáleid sem þrátt fyrir fagurlega orðuð steinspjöld breyttist hjá fólkinu í ófremdarástand er það í veikum mætti vildi lifa eftir því en komst fljótt að raun um að var ógerlegt sökum strangleika, ósveigjanleika og hörkunnar sem það innihélt. Já vinir! Allt Lögmál er mannum hart.

Náðin er af öðrum toga og andstæða hins. Hún bíður mýkt, þægilegt viðmót, kærleika frá himnum, þrótt er maðurinn ætlar að hníga, uppörvun er menn þarfnast hennar og allt annað sem að gagni má koma. Þetta samanlagt lyftir fólki upp í hæðir og fær það til að svífa á vængjum arnarins hátt hátt upp í loftið og upp fyrir erfiðu kringumstæðurnar. Svona er náðin og svona er trúin á Jesú sem hann færði mönnum í sér sjálfum og gerði umvafinn kærleika og elsku. Fórnfús gekk hann sinn þyrnum stráða veg til að ég og þú þyrftum ekki að fara hann heldur vera með honum á nýja veginum sem opnaðist. Gangan er ekki þrautalaus en liggur um lífið og til lífsins eilífa á himnum:

„En eftir upplestur úr lögmálinu og spámönnunum sendu samkundustjórnir til þeirra og sögðu: Bræður, ef þér hafið einhver hvatningarorð til fólksins, takið þá til máls. Þá stóð Páll upp, benti til hljóðs með hendinni og sagði: Ísraelsmenn og aðrir þér, sem óttist Guð, hlýðið á. Guð lýðs þessa, Ísraels, útvaldi feður vora og hóf upp lýðinn í útlegðinni í Egyptalandi. Með upplyftum armi leiddi hann þá út þaðan. Og um fjörutíu ára skeið fóstraði hann þá í eyðimörkinni. Hann stökkti burt sjö þjóðum úr Kanaanslandi og gaf þeim land þeirra til eignar.“ (Post 13:15-19) - Við sjáum að annar blær er á Nýja sáttmálanum heldur en þeim gamla. Páll vill sérstakleg tala til þeirra sem óttast Guð og til fólksins í hópnum sem tekur boðskapinn alvarlega og vill ganga gætilega um götu trúarinnar í allri virðingu, siðprýði og hógværd og er lykillinn að mörgu Guði velpóknanlegu. Keppum eftir hógværdinni vinir og þreytumst ekki við að hvetja menn til hógværdar.

Guð lætur ekki að sér hæða og veit hvað hann syngur og hvernig ná skal til hjörtu manna. Lögmálið og verk Lögmálsins er líka kennsla til okkar í dag og segir berum orðum að mannum sé farsælast að lifa undir náð Drottins og að vera í Kristi sem Orðið segir um að þá verði Kristur í mannum. Reynslan af virkni Lögmálsins í lífi fólks talar með þessum hætti. Fólk sem kynnst hefur umvefjandi náðinni sem öllum fylgjendum Krists er ætlað vilja ekki skipta. Um slíkt má fullyrða. Spurningin hins vegar er hver skilji mannhjartað? Það er vegna syndarinnar sem hér er og veikleika vorn í eigin skinni að einstaklingurinn þarf trú og að vera fylltur Heilögum Anda sem endalaust minnir hann á allt sem er Guðs. Trúin vill standa með mannum og gerir nema maðurinn fylli hjarta sitt af einskisnýtu drasli sem leggst yfir trúna illu heilli. Hvað maðurinn setur í sitt hjarta er algerlega á hans eigin valdi. Skoðum Orðið:

„Ekki getið þér drukkið bikar Drottins og bikar illra anda. Ekki getið þér tekið þátt í borðhaldi Drottins og borðhaldi illra anda. Eða eigum vér að reita Drottin til reiði? Munum vér vera máttugri en hann? Allt er leyfilegt, en ekki er allt gagnlegt. Allt er leyfilegt, en ekki byggir allt upp. Enginn hyggi að eigin hag, heldur hag annarra.“ (1Kor 10:21-24)

Til að haldast réttu megin línunnar þarf að gera allt rétt. Guð kemur þessu svo til vegar. Já í eigin persónu. Sé trúin á Krist til staðar fer allt vel. Orðið tekur sér bólfestu og boðskapurinn minnir oss á. Fólk sem hann hrifsar úr eldinum fær fljótlega löngun til að útbreiða réttlæti Guðs og komist að raun

um að eigið réttlæti sé upp og ofan og lítt á því að byggja. Réttlæti Guðs og hið nýja sem Biblían boðar þarf að komast að.

Guði séu ævinlega þakkir fyrir Jesú Krist sem innleiddi fyrirgefninguna, miskunnina og náðina sem ríkir yfir hinum trúaða og er honum vís á meðan hann enn dregur andann. Fyrir náðina getur maðurinn endurheimt sitt aftur í Kristi þó hann brjóti af sér með einum og öðrum hætti og er nokkuð sem Lögmálið er ófært um. Enda ekki náðarboðskapur og ófær aðferð til að leiða breyska mennina réttan veg og veg sanngirnis og réttlætis. Maðurinn þarf nefnilega hjálp að ofan og gjöfina sem gefinn var á Hvítasunnudag og sína úthellingu Heilags Anda. Hann er vor hjálpari, eins og Kristur sagði og segir við sína menn. Trúin á Krist þarfnast Andans Heilaga til að fá skilið boðskapinn með réttum hætti og unnið í sama krafti og Jesú - og - haldið út.

Lögmálið er enn í fullu gildi þó Kristur hafi komið til að uppfylla Lögmálið. Fyrir kristna menn gildir Nýi sáttmálinn og tekur yfir hinn. Lögmálið bauð umskurn en ekki sáttmáli Krists sem segir að menn skuli vera óumskornir en umskornir á hjarta sínu. Nýi sáttmáli inniheldur fyrirgefningu syndanna, miskunnina og mikilvæga náðina sem þrýtur ekki og öllum stendur til boða hvað sem áður hefur á dunið. Gríðarlegur munu er á þessum tveim sáttmálum og himinn og haf á milli þeirra. Svona opinberaðist kærleikur Guðs til mannsins og segir berum orðum við hvern sem heyra vill að hann sjái ekki eftir neinu.

Maðurinn er veikleika vafinn og óvarið hjarta hans er opið fyrir ýmsum utanaðkomandi áhrifum Þangað inn kemst afl með burði til að stýra og stjórna manneskjunni og leiða hvert sem það vill. Þetta er svæðið sem Jesú kom til að endurheimta í manneskjunni og líka gerir með Andanum sínum Heilaga sem tekur sér sína bólfestu og ver manninn upp frá því sinni öfluglu vörn og öflugri allri annarri sem fólki stendur til boða. Og menn segja fullum fetum:

„ **Davíðssálmur. Drottinn er ljós mitt og fulltingi, hvern ætti ég að óttast? Drottinn er vígi lífs míns, hvern ætti ég að hræðast? Þegar illvirkjarnir nálgast mig til þess að fella mig, þá verða það andstæðingar mínir og óvinir, sem hrasa og falla. Þegar her sest um mig, óttast hjarta mitt eigi, þegar ófriður hefst í gegn mér, er ég samt öruggur. Eins hefi ég beðið Drottin, það eitt þrái ég: Að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að fá að skoða yndisleik Drottins, sökva mér niður í hugleiðingar í musteri hans. Því að hann geymir mig í skjóli á óheilladeginum, hann felur mig í fylgsnum tjalds síns, lyftir mér upp á klett. Þess vegna hefst upp höfuð mitt yfir óvini mína umhverfis mig, að ég með fögnuði megi færa fórnir í tjaldi hans, syngja og leika Drottin.** „ (Sálm 27:1-6) - Góð lokaorð á ágætri samantekt um mikilvægt mál sem styrkir hjarta trúaðra.

Meistari meistaranna

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

2 apríl 2013

Meistari meistaranna heitir Jesú. Orð hans standa. Mikilvægt er fyrir trúaða að muna eftir þessu í erli daganna. Sannleikurinn er að margt mun koma í veg fyrir fólk og verða því til trafala og fá truflað sýnina sem Drottinn gaf. Sýn frá Guði rótfestist í hjartanu og víkur ekki þaðan. Planti Guð þá er það þar. Að taka mark á Biblíunni og rifja upp orð frá bræðrum og systurum sem töluð voru á upphafstíma trúargöngunnar er hjálplegt. Margt var talað til manns frá vel meinandi fólki í upphafi sem betra hefði verið að fylgja betur og fara ítarlegra eftir en maður kannski gerði. Margt af því sem þetta fólk sagði rættist og er skírt merki um að var frá Guði. Engin fær heildarsýn yfir eigið líf. Kæmu hún þyrfti maður traudla neina trú.

Að leggja ekki við eyrun og eða láta sér fátt um finnast er skiljanlegt í því ljósi að framtíð fólks er sveipuð þoku og engin veit sína ævi fyrr en öll er og orð, tengd manni sjálfum inn óskilgreindri framtíðinni, ekki alltaf svo gott að tengja eigin lífi sem er öðruvísi á akkúrat því augnabliki sem orðin voru töluð og gjörólík spádómnum sem manni barst. Að láta sér fátt um finnast er ekki óeðlileg viðbrögð nokkurs manns. Fyrst þarf trúin sem sagt að eflast í fólki. Að trúa engu, aldrei, er hins vegar óeðlilegt.

Sögur um hið óvænt í lífinu eiga margir sér. Þeir ætluðu til hægri en tóku vinstri beygju og enduðu á svæði sem þeim skömmu áður óraði ekki fyrir en höfnuðu samt og upplifðu þar sína blessun. Svona er trúargöngu manna háttáð. Segir Drottinn enda sjálfur á einum stað....Skoðum Orð hans:

„ Undrast eigi, að ég segi við þig: Yður ber að fæðast að nýju. Vindurinn blæs þar sem hann vill, og þú heyrir þyt hans. Samt veistu ekki, hvaðan hann kemur né hvert hann fer. Svo er um þann, sem af andanum er fæddur. „ (Jóh 3:7-8) – Berlega kemur fram að áætlanir manns eru ekki í samræmi við það sem Guð ætlar. Kannski er sannleikurinn sá að maðurinn veit sjaldnast sjálfur hvaða stefnu trúarganga hans tekur. Sem sumpart er gott. Enn og aftur má bend á mikilvægi trúarinnar og að vera með allar varnir niðri gagnvart Jesú en vel reistar andspænis Satani. Manninum er það mikilvægt að Jesú geti talað við hann hindrunarlaust hvenær sem þörf er á. Ekki sjálfgefið. Menn séu því vakandi. Við sjáum að trúin kallar á ýmislegt sem við verðum að hafa auga með hjá okkur sjálfum. Geri maður ekkert fyrir sýna trú má ekki búast við aðrir geri neitt heldur. Er enda hver maður sinn eigin gæfu smiður og taka margir undir þetta sem gilt sjónarmið.

Varðandi ráð sér reyndara fólks er gott að muna að reynslan ein og sér kennir manneskjinni sitt hvað sem hún vill deila með öðrum henni sjálfri til farsældar og uppbyggingar og ekki sem snöru um háls. Ráð annarra hafa oftsinnis hjálpað brjóstmylkingnum í trúnni og hann sneytt framhjá keldu, þeirri sömu og hinn féll kylliflatur ofan í, og hann stefndi hraðbyri í án þess sjálfur að gera sér grein fyrir en sá sig um hönd eftir að hafa hlustað á orð frá bróður eða systur. Aðgæsla er brýn öllu trúuðu fólki sem menn eru of sjaldan hvattir til að sýna. Seinna sér maður réttmætið og hefði eins og oft áður gert ýmislegt öðruvísi en maður kannski gerði. Um það atriði er tómt mál að tala um og til lítills að vera að iðrast eftirá. Þarna getur vitnisburðurinn og samfélag annarra trúaðra manna verið mikilvægur hlekkur og sagt mikilvægum nýliðanum margt sem gagnast honum og fær borið saman við það sem Guð hefur talað til sín og hann kveikt á perunni og skilið betur Orðin frá Guði sem hann náði ekki að grípa fyrst er þau bárust honum. Allt tekur tíma og má vel taka einhverja stund.

Að hvetja nýliðan til að finna sér samfélag og hvetja stöðuglega áfram á sömu braut gæti skilið á milli lífs og andlegs dauða hjá honum. Rétt sett upp samfélag byggir líka upp. Aftur komum við að mikilvægi Orða Biblíunnar sem segir að menn skuli ekki vanrækja safnaðarsamkomur sínar, eins og sumra sé siður.

Er það ekki svo að þegar kemur að ráðgjöf annarra að við hlustum ekki alltaf vel né gerum tilraun til að fara eftir henni, átt við frá trúuðum, þó hún síðar meir komi fram og við þá geri okkur grein fyrir að voru bein skilaboð frá hæðum? Jesú segir á fleirum en einum stað gangan með sér sé ekki ávallt þægileg en lofar að vera með okkur og gefur okkur til að mynda eftirfarandi gullkorn okkur til halds og trausts. Skoðum þetta gullkorn Drottins hér á eftir.

Talandi um Orð sem aðrir fluttu get ég staðhæft að það að skrifa skáldsögur kom frá bróðir (sem ég met mikils) en ekki beint til mín frá hæðum. Áður hvarflaði það ekki að mér að slíkt ætti fyrir mér að liggja. En af því varð. Vissulega hefði ég getað hundsáð skilaboðin en valdi að gera ekki. Dag einn, líklega í febrúar mars 2002, settist ég við tölvuna og fann að sagan var í hjarta mínu. Í dag ellefu árum seinna (2 apríl 2013) er ég að byrja á minni held ég áttundu skáldsögu í fullri lengd. Leggjum við eyrun er fólk talar. Treystum Guði fyrir lífi voru, líka að þessu leiti. Hvað segir þetta meira? Jú, ég þurfti að stíga fram til að af yrði. Sama gildir um þig. Hver sem þú ert. Stígðu fram og reyndu Guð. Hann hefur sitt hvað fyrir þig:

„ Jesús svaraði þeim: **Ég hef sagt yður það, en þér trúðið ekki. Verkin, sem ég gjöri í nafni föður míns, þau vitna um mig, en þér trúðið ekki, því að þér eruð ekki úr hópi sauða minna. Mínir sauðir heyra raust mína, og ég þekki þá, og þeir fylgja mér. Ég gef þeim eilíft líf, og þeir skulu aldrei að eilífu glatast, og enginn skal slíta þá úr hendi minni.** Faðir minn, sem hefur gefið mér þá, er meiri en allir, og enginn getur slitið þá úr hendi föðurins. **Ég og faðirinn erum eitt.** Gyðingar tóku aftur upp steina til að grýta hann. „ (Jóh 10:25-31) – Þarna talar Jesús við herra og frú efa sem ríður of mörgum húsum og hefur gert of lengi og í of langan tíma. Herra og frú efi eru fólkið sem hefur uppi endalausar efasemdir og nær fyrir vikið engum eðlilegum þroska í sinni trú og er fyrir vikið árum saman á mjólk vegna þess að enn er það ekki fært um að innbyrða né melta fasta fæðu eins og fólki eftir vissan aldur er ætlað. Ungabarnið er ekki fært um að melta neitt nema mjólk. Væri það tuttugu árum seinna en með pela þætti okkur það dularfullt. Ekki satt? Samt gerum engar athugasemdir um fólk sem tuttugu árum síðar er á sama stað í sínum andlega vexti og neitar að þroska anda sinn svo trúin fái vaxið upp til Krists. Og gerist þetta fyrir framan augun á okkur án inngrípa nokkurs manns með nauðsýnlega ábendingu og væri bara kærleiksverk Drottins í framkvæmd. Okkur kemur svona lagað ekkert við? Eða hvað?

„ Á ég að gæta bróður míns „ - var svarið, öllu heldur spurningin, sem Kain svaraði spurningu Guðs með er Guð spurði hann hvar Abel bróðir hans væri. Sannarlega ber mér að gæta bróður og systur sem á í erfiðleikum með að festa rætur nein staðar vegna þess að heimurinn er svo nálægt blessuðu fólkinu er öll kurl komast til grafar og er sannleikur sem þarf að viðurkenna og hlutverk hinna styrku í hópnum að stíga fram í til leiðbeiningar. Hvaða aðra og betri ástæðu höfum við til að koma saman sem samfélag Drottins heldur en að styrkja og uppörva hvort annað og læra meira um aðferðir Drottins. En við dæmum engan. Eitt er að dæma og annað að benda á í kærleika.

Vinir! Mér ber að gæta bróðir míns en þarfnast kærleika Guðs og þolinmæði til að fá fullnað skeiðið. Án kærleika Drottins hefur engin maður nauðsýnlegt úthald í að gæta bróður síns í neinni alvöru. Slík gæsla er ekki þakklátasta verk í heimi og sjaldnast rétt meðtekið á stund áminnandi kærleika Drottins sem þó gæti skipt sköpum fyrir framtíð og heill fólks.

Skoðum fleiri ritningavers:

„ **Ef heimurinn hatar yður, þá vitið, að hann hefur hatað mig fyrr en yður. Væruð þér af heiminum, mundi heimurinn elska sitt eigið. Heimurinn hatar yður af því að þér eruð ekki af heiminum, heldur hef ég útvalið yður úr heiminum. Minnst orðanna, sem ég sagði við yður: Þjónn er ekki meiri en herra hans. Hafi þeir ofsótt mig, þá munu þeir líka ofsækja yður. Hafi þeir varðveitt orð mitt, munu þeir líka varðveita yðar. En allt þetta munu þeir yður gjöra vegna nafns míns, af því að þeir þekkja eigi þann, sem sendi mig.** „ (Jóh 15:18-2) – Hér eru merkilegir hlutir á ferð. Drottin segir okkur sannleikan um til að mynda trúargönguna framundan. Er það ekki annars rétt? Talar hann ekki um hana í ofanrituðu ritningaversi? Það tel ég.

Hvernig afgangi fékk Jesús? Bæði góða og vonda. Fór eftir því hvort menn væru andsnúnir orðum hans eða hlyntir. Þannig er þetta líka í dag að við, kristnir menn, fáum bæði góðar og vondar móttökur. Kristur þoldi ofsóknir og var að lokum handtekinn og krossfestur. Er hann bendir okkur á að þjónn sé ekki meiri herra sínum segir hann mögnuð Orð. Já hafi þeir ofsótt hann, lýtalaus og óaðfinnanlegan manninn, hví þá ekki okkur líka sem svo margt má segja um og ekki allt gott? Hverjir voru þá mennirnir sem gengu hvað hatramast fram í ofsóknunum gegn þessum einstöka manni? Voru það ekki fólkið sem átti að vita betur og gekk sjálft með Guði sem það þó þekkti ekki. Og er þetta ekki partur vandamálsins sem við er að eiga í dag að fólk sem segist ganga með Jesús þekkir hann raunverulega ekki? Ekkert er nýtt undir sólinni. Bara alls ekki neitt. Allt sem gerist núna hefur áður gerst í marggang í mannkynssögunni. Verum róleg og leyfum Kristi að koma skikki á.

Skoðum annað merkilegt ritningavers sem vel má tengja hinu sem fjallar um að engin geti slitið hinn trúaða úr hendi Drottins og kom hér fyrir ofan:

„ Og engli safnaðarins í Sardes skalt þú rita: Þetta segir sá sem hefur þá sjö anda Guðs og stjórnurnar sjö. Ég þekki verkin þín, að þú lifir að nafninu, en ert dauður. Vakna þú og styrk það sem eftir er og að dauða komið. Því margt hef ég fundið í fari þínu, sem ekki stenst fyrir Guði mínum. Minnst þú því, hvernig þú tókst á móti og heyrðir, og varðveit það og gjör iðrun. Ef þú vakir ekki, mun ég koma eins og þjófur, og þú munt alls ekki vita, á hverri stundu ég kem yfir þig. En þú átt fáein nöfn í Sardes, sem ekki hafa saurgað klæði sín, og þeir munu ganga með mér í hvítum klæðum, því að þeir eru maklegir. Sá er sigrar, hann skal þá skryðast hvítum klæðum, og eigi mun ég afmá nafn hans úr bók lífsins. Ég mun kannast við nafn hans fyrir föður mínum og fyrir englum hans. Hver sem eyra hefur, hann heyri hvað andinn segir söfnuðunum. „ (Opb 3:1-6) – Ekki glæsileg lesning en samt sögð af honum sem er með hönd sína læsta um mína og ákveðin tenging við versin í Jóhannesarguðspjalli og kemur inn á trúargönguna og það sem gerist á henni. Við sjáum að maðurinn, söfnuðurinn, sem Drottinn beinir orðum sínum til hefur gengið þrautargöngu og kominn á stað uppgjafarinnar og farin að breyta í ósamræmi við vilja Guðs. Drottinn mætir á svæðið til að benda honum, söfnuðinum, á hvar hann raunverulega sé staddur til að hönd, segjum mín, losni ekki frá hönd hans og er á mínu valdi að gera en Jesú gerir ekki að fyrra bragði á sama hverju gengur og mikilvægt að muna.

Svona kæru vinir er trúargöngunni háttað að hún er þyrnum stráð í bland við sléttlendi, logn, rok, stórviðri, ófærð, fjöllum og dölum. Allur pakkinn. Yfir þetta klöngrumst við og sumir verða uppgjöfenni að bráð á leiðinni og Jesú kemur inn á í ritningarversinu og við tengjum hér beint við Jóhannesarguðspjall og Orð Jesú um að engin geti slitið okkur úr hans hönd. Og til þess að það gerist ekki hefur hann stöðuga kennslu fyrir sitt fólk og segir þessi ægilegu Orð að ég sé að nafninu til lifandi en þó dauður.

Jesú gerir meira. Hann gefur mér leið sem ég get farið. Hvers til að mynda minnumst við er við frelsuðumst? Hörmunga, víls og volæðis, svipuhögga og sársauka, barsmíða og misnotkunar? Er það ekki heldur fagnaðarins yfir því að Jesú mætti okkur og við orðin Guðs börn og njótum miskunnar hans og náðar? Er það ekki sannleikur málsins? Jú. En þetta atriði er byrjunin. Trúargangan sjálf er framundan sem leiddi okkur á staðinn sem að Jesú sá sig tilknúinn að kom á með þessi Orð um að sum okkar séum lifandi að nafninu til en þó dauð. Og á við anda okkar og trú sem hann segir vera dautt í okkur en hvetur okkur til að lífga aftur við og segir gerlegt. Við verðum að hafa samfélag við aðra trúaða. Endurtek! Aðra trúaða. Ekki endilega hvern sem er.

Það sem vakir fyrir Jesú er að verkin okkar standist frami fyrir hásæti Föðurins og hann fái leitt sitt fólk alla leið yfir í sinn hóp sem stendur hægra megin við mikinn dómstól Guðs og er hópurinn sem er hólpinn. Biblían kennir að allir menn muni verða að koma fram fyrir dómstól Guðs og að allir verða dæmdir samkvæmt eigin verkum? Er svona boðskapur ekki bara uppörvandi og hvetjandi til góðra verka og áframhaldandi vistar hjá Jesú? Heldur betur. Og segir ekki Jesú sjálfur að hver sem eyru hafi hann heyri? Jú.

En nú segir þú að menn hafi nú ekki verið sanngjarnir við þig og unnið þér mein sumir hverjir. Má vera. En hvar er tekið á því sérstaka máli í ritningarversinu sem hér er sett fram? Hvergi. Aðeins bent á að engin geti slitið okkur úr hendi Jesú og að við séum lifandi dauðir menn og okkur gefnar leiðir til að endurvekja það sem dautt er í okkur. Ekkert annað. Með öðrum orðum! Tökum okkur taki og lífgum við anda okkar og endurvekjum trúna. Þetta er málið og við erum ekki lengur þetta lifandi dauða fólk sem Kristur talar um heldur lifandi manneskjur á leiðinni til lífsins á himnum og tökum stað okkar með hinum sem standa hægra megin og fara fylktu liði inn um hliðið þar sem Guð sjálfur býr og dveljum þar og með Jesú eilíflega.

Að þroskast og taka leiðsögn er lykill. En hversu mörgum reynist leiðsögnin ekki vera erfið?: „ **Þetta hef ég talað við yður svo að þér eigið frið í mér. Í heiminum hafið þér Prenging. En verið hughraust. Ég hef sigrað heiminn.** „ (Jóh. 16:33)

Eftir því sem líffærin þroskast eykst geta þeirra til að melta þyngri fæðu en mjólkina eina. Sama ætti að gilda í tilfelli andlega mannsins en gerir því miður ekki í öllum tilvikum vegna herra og frú efa sem talar og orsakar að menn fá aldrei vanist af pelanum. Sannleikurinn er sá, kæru vinir, að við ráðum miklu sjálf hver trúarþroski okkar sé og hvort hann sé hraður, hægur, þar á milli, eða bara alls engin. Herra og frú efi eru inn í málinu til að stöðva verk Guðs og sjálfskipuð í hlutverkið. Guð bað ekki um þjónustu herra og frú efa. Enda ekki frá Guði komin heldur holdi mannsins og honum sem hér er til að stela, slátra og eyða. Hann kveikir efann og veit hversu auðvelt verk það er að tendra efa í hjarta mannsins og viðhalda þar af þeirri ástæðu helstri að allir menn reyna margt í sínu lífi og upplifa allskonar sem veldur vonbrigðum. Þetta segir okkur skírurum orðum að við þurfum að vera vel að okkur í Biblíunni bæði til að læra um okkur sjálf og fá séð með réttum hætti um hvað mál snúast og hvað beri að varast og hvað gera til að efinn sæki ekki að okkur og límist við huga vorn og hjarta.

Efinn fylgir mannum. Á efanum er hægt að vinna og gerist með aukinni þekkingu á verki Guðs. Þekking eykur þroska manna. Trúin byggir upp kærleika. Og saman vinnur þetta kraftaverk.

Efinn er því marki brenndur að vilja eyða trú fólks. Efi fæðir tortryggni. Tortryggni er uppetandi afl sem skrælir bein og sál. Allt andstyggð í augum Guðs og fær fólk til að halda sig áfram við mjólkurpelann en ekki fasta fæðu. Eðlilegur þroski nær sér ekki á strik.

Til að sjá sjálfur hvar maður sé er gott að staldra við hér og skoða verk sín andartak og orð þau sem maður talar í annarra eyru og gera í hreinskilni. Margir munu komast að raun um að trúargangan sé í dálítið öðrum farvegi en lagt var upp með á sínum tíma er Jesú var enn spennandi kostur fyrir lífið og allt miðaðist við hann sér við hlið. En svo kom eitthvað upp á. Og menn komast á staðinn sem Kristur segir við þá á að þeir séu lifandi dauðir og opnar þeim leið til lífs sem þeir annaðhvort taka eða hafna.

Að vilja komast á föstu fæðuna og stefna markvist að henni er mannum visst þroskaferill sem á seinni stigum gerir honum kleyft að leysa úr málum í krafti lifandi trúar. Slíkur maður kemst langt og vex ásmegin í trúnni en þarf samt að reyna margt vegna þeirrar staðreyndar að tilheyra föllnum heimi sem hefur það að markmiði að afvegaleiða og skrumsæla verk Guðs og gera lærisveina Jesú tortryggilega. Þetta er staðurinn sem efinn þiggur sitt fóður frá. Efafullur maður hugsar neikvætt, sér neikvætt, heyrir neikvætt og talar auðvitað neikvætt. Þetta saman sagnar allt líf út úr kringumstæðunum og byggir engan upp. Trúin er ekki svona og hugleiðir ekki dægrin löng hvort fólk sé heilt á sinni göngu eða gangi skrykkjótt heldur bara trúir vitandi sem er að allir verði að bera sinn eigin kross og mæta frami fyrir dómstóli Guðs. Það er þar sem opinberast fyrir fólki hverju sáð var hvernig uppskeru menn fá. Engin efafullur fer gæfubraut af þeirri einföldu ástæðu að vera ekki gæfuvegur.

Gangan með Jesú er þrautum skráð en samt góð ganga með því að hún færir menn inn í eilíft ríki Guðs á himnum í fyllingu tímans og eru orðin sönnu:

„ Mælti þú Drottinn til Satans: Hvaðan kemur þú? Og Satan svaraði Drottni og sagði: Ég hefi verið að reika um jörðina og arka fram og aftur um hana. Og Drottinn mælti til Satans: Veittir þú athygli þjóni mínum Job? Því að enginn er hans líki á jörðu, maður ráðvandur og réttlátur, guðhræddur og grandvar. Og enn þá er hann staðfastur í ráðvendni sinni, og þó hefir þú egnt mig gegn honum til að vinna honum tjón án saka. Og Satan svaraði Drottni og sagði: Nær er skinnið en skyrtan, og fyrir líf sitt gefur maðurinn allt sem hann á. En rétt þú út hönd þína og snert þú bein hans og hold, og þá mun hann formæla þér upp í opið geðið. Þá mælti Drottinn til Satans: Sjá, veri hann á þínu valdi, en þyrma skalt þú lífi hans. Þá gekk Satan burt frá augliti Drottins og sló Job illkynjuðum kaunum frá hvirfli til ilja. „ (Job 2:2-7) – Hér sýnir ritningin okkur merkileg Orð. Satan þekkir manninn og veit margt um hann. Og hitt, einnig mikilvægt, að hann hefur augastað á hinum trúaða og merkir sér sem við það kemst undir smásjá ódámansins. Að Satan skulu þekkja manninn og hans innstu langannir og þrjár kemur fram í þessu

ritningaversi: „ **En rétt þú út hönd þína og snert þú bein hans og hold, og þá mun hann formæla þér upp í opið geðið.** „ Þessi orð eru engin staðleysa. Er það nokkuð? Hversu oft, kærur vinur, eru þetta ekki viðbrögð okkar gagnvart Guði þegar á móti blæs og okkur finnst lífið hafa komið illa fram við okkur og ráðist að okkur að ósekju. Hversu margir hvæsa þá ekki á Guð sinn og gleyma fyrri velgjörðum hans sem þeir í gegnum tíðina ítrekað upplifðu? Þekkir hversu maðurinn er fús til að meðtaka hið góða frá Guði en ekki að berjast gegn hinu illa þegar það stormar inn í lífið. Þá gerist það að fólk breyti ranglega og tali ásakandi við Guð og um Guð. Satan þekkir okkur og reynir eins og hann getur að spila inn á þessa þætti. Komist hann að er hann á heimavelli. Trúið því.

Og annað! Guð reynir okkur, kannski ekki með sama hætti og Job greyið sem missti allt, börn sín, skepnur sínar, eignir sínar. Allt. Job missti aldrei trúna og er merkilegt að hugleiða. Eina sem eftir stóð eftir hamfarirnar var kona hans. Job sem sagt breytti ekki eins og mörg okkar gerum á stund hamfara og erfiðleika og formælti ekki Guði á sama hverju gekk og var styrkur hans og sannfæring í augum Guðs um að hér færi maður sem þyldi. Job leyfði sem sagt trúnni að færast frá pelanum og yfir í fasta fæðu sem skipti sköpum fyrir hann er kom að þeim stað í lífinu að þurfa á öllu sem hann átti að halda til að standast og allir sem til þekkja eru sammála um að var nauðsýnlegt og einnig að raunir Jobs væru ekki sanngjarnar en gerðust samt. Þetta geta allir séð. Lífið er ekki alltaf neitt sérlega sanngjarnt.

Ljóst er að ástandið á heimili Jobs þreytti fólkið og kemur vel fram í viðbrögðum þessara þriggja vina Jobs sem komu gagnert til að uppörva hann og hvetja á stund erfiðleika hans en breytist yfir í að verða tómar ásakanir og ákærur og einnig hjá konu Jobs sem gaf út yfirlýsingu, búin að fá nóg af þessu. Skoðum viðbrögð hennar:

„ **Og Job tók sér leirbrot til að skafa sig með, þar sem hann sat í öskunni. Þá sagði kona hans við hann: Heldur þú enn fast við ráðvendni þína? Formæltu Guði og farðu að deyja! - En hann sagði við hana: Þú talar svo sem heimskar konur tala. Fyrst vér höfum begið hið góða af Guði, ættum vér þá ekki einnig að taka hinu vonða? Í öllu þessu syndgaði Job ekki með vörum sínum.** „ (Job 2:8-10) - Hér heyrum við stórmannlega mælt af munni manns sem í raun og veru hafði enga ástæðu til að tala slíkt út skoðað mannlega og út frá mannlegu sjónarmiði en trúin gaf honum afl til að gera. Við sjáum að kona Jobs er búin að fá sig fullsadda á ástandinu. Hvenær að okkar álitni er komið nóg af Guði og við tilbúinn að snúa okkur frá honum og að hvetja aðra til hins sama? Já hvenær? Núna? Í gær? Á morgunn? Hvenær? Munum að Job fékk allt tvöfalt til baka sem hann missti. Guð var ennþá með.

Að stöðvast á trúargöngunni er eigin viljaákvörðun. Bendið á eitt dæmi um menn sem yfirgáfu Guð og allt bara í gúdden. Slíkt dæmi er ekki til vegna þess að eina góða í veröldinni er Jesús. Drottin ætlar okkur að þorskast og dafna edlilega. Drottinn er nefnilega góður Guð, miskunnsamur og náðarríkur og einstaklega þolinmóður Guð og langlyndur sem gefur okkur endalaust færi á að snúa við og iðrast illra verka og breyta um takt og hátterni og láta eftirleiðis gott af okkur leiða.

Að beygja sig fyrir vilja Guðs er heila málið. Jesús dó á krossi fyrir syndir allra manna, reis upp á þriðja degi eftir að hafa sigrað óvinnarins veldi og lagt undir fætur sínar. „ Þér eruð gengnir inn í sigur minn „ - segir Drottinn við fylgjendur sína sem í raun og veru segir þeim að fyrirfram séu þeir sigurvegarar í öllu sem að Satani snýr og geti eftirleiðis notað á hann vopnin sem Drottin sjálfur notaði og við lesum um í frásögum Guðspjallanna sem fjallar um eyðimerkurför Jesús þar sem hans var freistað á allan hátt en hann lét ekki freistast og bar ávallt fyrir sig Orð Guðs og gaf okkur eftirdæmi um sama og kennslu um áhrifamátt Orðsins þegar Satan er annars vegar. Þetta fáum við gert með sömu áhrifum og Jesús. Undan Orðinu verður ódámurinn að hypja sig og líka gerir með skömm. Slíkur er krafturinn.

Með því að lesa viðbrögð Jesús og hvernig hann brást við áreiti djöfulsins sjáum við að lærisveinar hans á öllum tímum hafa sama vald í munni sínum. Stór merkileg hugsun. Undan Orðinu, frá hjarta

trúarinnar, verður Satan að hypja sig. Þetta eru fyrirmæli til hans kominn beint frá háseti lifandi Guðs. Óvinurinn hins vegar reynir eins og hann getur að fá menn og konur til að höggva hvort í annað þegar nær væri fyrir fólkið að snúa sér samhent að Guði í bæn sem rekur óvininn á flóttu. Satan veit að með því að gera fólk upptekið við að kasta óhreinindum hvort í annað heldur Guð að sér höndum og biður. Enda Guð réttlætis en ekki ranglætis. Breyti menn um takt og og biðji bæninni meira þá brettir Guð samstundis upp ermar og stuggar við ódáminum sem kemur sér þegar úr vegi og er ekki lengur að þvælast fyrir framvindu mála.

Vinir! Við þurfum trú og þurfum Orðið sem Jesú gaf okkur til að læra af því og nota sjálfum okkur til gagns. Látum engan afvegaleiða okkur né heldur fæla frá vilja Guðs né kærleika hans og elsku. Of mikið er í húfi og eilífa lífið framundan.

Tillit til annarra

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman

Tónsmíðarnar sjálfar, endanleg útfærsla verksins, söngurinn, uppsetningin, hljóðfæraleikurinn, raddirnar, allt sem lagasmíðum tilheyrir, vitaskuld lokafrágangurinn og flutningurinn, fær okkur til að gleyma ýmsu undir svellandi og iðandi tónaflóðinu. Þægilegar tilfinningar vakna líki okkur tónlistin. Sem ekki er sjálfgefið fremur en margt í lífinu.

Sumar tónsmíðar, söngvar, ná að vekja upp minningar sem færir okkur aftur á bak í tímann og inn í rútbúlinn sem að vorlagi færði okkur út úr foreldrahúsum fyrsta sinn og á vit sveitaheimilisins til sumarlangrar vistar þar og við bara tólf ára gömul. Svona atvik úr lífinu fær tónlist endurfætt. Hjartað geymir margt tengt lífi fólks.

Hjarta mannsins er flókið fyrirbrigði og líka leyndarómsfullt. Það hýsir ýmislegt og bara sumt gott. Hið vonda sem þar dvelst er erfiðara í meðförum heldur en hið góða sem þar er en samt staðreynd.

Hvortveggja er þarna. Söngurinn sem flutti okkur aftur inn í rútna sem er fyrir löngu farinn sinn veg og orðin ónýtt og að engu orðin af völdum eyðingaraflla náttúrunnar, hefur sitt vald og náði að rifja upp hinn löngu liðna atburð og vekja þægilegar og ljúfar minningar í brjóstinu. Svo sterk var upplifunin og sérstök að minnstu smáatriði verða aftur ljóslifandi fyrir augunum og við sjáum regndropanna leka niður bílrúðuna og heyrum í vindinum sem í hviðum náði að hreyfa til þungt faratækið á veginum til nýja áfangastaðarins í sveitinni. Svo öflug er þessi minningageymsla hjartans að atburðir sem téð sönglag bar varð ferskt þó að nokkrir áratugir séu liðnir frá atburðinum. Líklegt er að allt fólk eigi til minningu tengda við söng og hlustun lagsins fær kveikt.

Allt svona er gott og engin spurning um að sé frá Guði komið sem raunverulega var með á ferðinni hvort sem við þekktum hann eða ekki. Guð frá fyrstu tíð var tilbúna með framtíð til heilla en ekki óhamingju. Hann vill veita oss vonaríka framtíð í fullri gnægð. Gnægð, talað af munnni Drottins, merkir allt sem maðurinn þarfnast fyrir sig í lífinu. Drottinn mætir fyrst og fremst þörfinni. Annað gæti komið með en menn læri að líta slíkt sem aukablessun ofan á hitt. En þörfinni mætir hann og manninn ekkert skorta. Þarna er nægjusteimin hjálpleg. Hún setur oss á stað þakklætis. Veit hann enda að staða hans gæti verið önnur og verri. Um tillitsemina er það að segja að hún er angi af þakklæti. Tillitsemi er líka dyggð. Allir þrá að til sín sé tekið tillit. Verum tillitsamar manneskjur og metum aðra meira en okkur sjálf. Guð sér um þarfir vorar og gerir með meiri gleði sjái hann vilja okkar til að breyta rétt og samkvæmt því sem hann sjálfur talar. Orðið er á köflum skírt og skilst við fyrsta lestur: En stundum krefur það okkur sinnar yfirlegu. Orðið er gott báðum megin.

Lífið er upp og ofan og kannski að hluti ævi þinnar hafi ekki verið nein blessun og dagarnir fyrrum merktir óhamingju, óáran, sorg og sút. Og máski er svo komið í dag að dagarnir nú séu engin blessun og meira um vol og víl en heppilegt væri og dagarnir fullir af skuggum sem koma en vilja ekki fara. Og máski hefur þú tapað áttum og veist ekki hvert stefnir. Máski að líf þitt reki á reiðanum og öll

segl slúta því að engin er vindurinn og þú vitir ekki hví svo sé komið. Ólíklegt er að slíkir dagar séu frá lifandi Guði komnir sem lofar fullt af blessunum og líklegra að orsökkin liggi í sjálfvalinu sem valdi og beygði inn rangann afleggjara en hirti ekki um, nú, eða sá ekki, veginn sem heillin á heima á. Allt vegna þess sjálfvalið þekkti ekki Guð eða hlýddi ekki Guði þó að þekking væri til í hjartanu. Að þekkja Guð og hlýða Guði er tvennt ólíkt. Þetta því miður fer ekki saman í öllum tilvikum.

Gera má ráð fyrir því að afleiðing sjálfvalsins og að ráða stefnunni sjálfur sé orðin augljós í dag og birtist þeim sem valdi í öllu þessu myrkri sem hvolfdist yfir eftir að sest var upp í rennibrautina sem flutti manneskjuna ofan í svörtustu og dýpstu dali lífsins sem með tímanum náðu að setja merki sitt á hana og merkja svo sterkt að dugir ævina á enda. Öllu svona löguðu var hægt að afstýra og forða með þeirri aðferð að horfa til hans sem skóp og sendi eingetinn Son sinn til að taka á sig byrðarnar sem syndin klessti á menn og hlekkjar við sig. Margt mannanna bölið er tilkomið af vanþekkingu og eða óhlýðni við vilja Guðs. Bæði slæmt en sýnu verra að þekkja vilja Guðs en þverskallast enn við:

„ Ef menn eru eitt sinn orðnir upplýstir og hafa smakkað hina himnesku gjöf, fengið hlutdeild í heilögum anda og reynt Guðs góða orð og krafta komandi aldar, en hafa síðan fallið frá, þá er ógerlegt að endurnýja þá til afturhvarfs. Þeir eru að krossfesta Guðs son að nýju og smána hann. Jörð sú, er drukkið hefur í sig regnið, sem á hana fellur hvað eftir annað, og ber gróður til gagns fyrir þá, sem yrkja hana, fær blessun frá Guði. En beri hún þyrna og þistla, er hún ónýt. Yfir henni vofir bölvun og hennar bíður að lokum að verða brennd. „ (Heb 6:4-8) - Hér lesum við alvaralegan boðskap sem gæti forðað okkur frá margri skráveifunni. Hér segir berum orðum að útilokað sé að endurreisa mann sem eitt sinn hefur fallið. Svona talar Orðið sjálft. Hættum að leika okkur með viðkvæmt fjöreggið trúna og lærum þess í stað að taka Orðið alvarlega og gerum okkar í deginum til að svo megi verða. Andinn er öflugur en holdið veikt. Mikilvæg lexía og eru orðin sannleikur og því gangleg öllum sem við vilja taka.

Valið og afleiðingar valsins getur mögulega orsakað að tiltekið lag veki upp minningar þar sem allt þetta myrkur steypist yfir manneskjuna á nýjan leik og sökkvi á bólakaf í sig sjálfar og gert manneskjunnar illt, öndvert við drenginn forðum í rútunni sem upplifir enn blessun af söngnum sem hann heyrði í den. En svona er lífið. Hjartað er öflug geymsla undir minningar.

Aldrei er of oft tekið fram að val mannsins ræður mestu um heill og vanblessun. Í raun og veru getur engin kennt neinu öðru um en eigin vali. Þegar allt hefur verið skoðað ofan í kjölinn er niðurstaðan þessi: „ Eigið val færði mig þangað eða hingað. Á stað blessunar eða bölvunar. Á stað hégóma eða visku. „ Með Guðs hjálp má margt bæta og af mörgu læra. Sem og að lifa við ýmislegt og vinna á ýmsu og úr ýmsu sem miður fór í voru lífi og við sitjum uppi með sem part af eigin lífi. Alltaf er ávinningur af því fyrir fólk að taka Jesú inn í sitt hjarta:

„ Drottinn er hlutdeild mín, segir sál mín, þess vegna vil ég vona á hann. Góður er Drottinn þeim er á hann vona, og þeirri sál er til hans leitar. Gott er að bíða hljóður eftir hjálp Drottins. Gott er fyrir manninn að bera ok í æsku. Hann sitji einmana og hljóður, af því að Hann hefir lagt það á hann. „ (Harm 3:24-28) – Einkennilega orðað en það sem Guðs Orð segir. Okið sem maðurinn ber í æsku fær Drottin notað til blessunar eftir að hann er stiginn yfir frá dauðanum til lífsins og komin í liðið sem er sigursælt lið og örugglega sigrandi. Margir vitnisburðir eru til um það hvernig ok manna og slæm reynsla í æsku umbreyttist í blessun fyrir stóran hóp fólks. Og annað, mikilvægt, Guð veit nákvæmlega hvar manneskjan er og við hvaða aðstæður hún býr.

Vel má halda því fram fólk sé heppið sem á sér þægilegar og ljúfar minningar tengdri tónlist. Í dag er tónlist svo víða leikin og auðvelt fyrir fólk að komast í tæri við hana, bæði gamla og nýja tónlist. Og gamli góði söngurinn sem kveikir á minningaflórunni setur manninn þangað sem hann heyrði hann fyrst á en er samt löngu horfin og allt í kringum atvikið breytt og öðruvísi umhorfs en lifir samt ferskt og fallegt í minningarbankanum alveg eins og var á meðan söngurinn sá arna og veruleikinn héldu enn í hönd hvors annars og slepptu ekki takinu hvoru á öðru fyrir heldur en honum lauk. Þá líka

hvarf sýnin en fór þó ekki lengra en til minningarbankans í hjartanu til endanlegrar varðveislu og kemur þaðan við rétt skilyrði sem er téður söngur. Á köflum er lífið allt svo undursamlegt og dásamlegt og fært um svo margt gott. Guð gefi að maðurinn læri að halda í allt sem er gott sem á vegi hans varð og noti hið góða til að vinna á skuggunum sem hanga utan í honum eins og illa lyktandi draugar. Einnig er hugsanlegt að með því að festa tiltekinn söng í hjarta manneskju vilji Guð minna hana á sjálfan sig sem þrátt fyrir allt var með á ferðinni til að halda utan um sinn dreng á nýjum stað með öllu þessu ókunnuga fólki sem hann stefndi til og reyndist honum vel og tók frá fyrstu tíð opnum örmum og bauð velkominn. Og til varð hellingur af notalegum og góðum minningum sem enn lifa þótt áratugir séu að baki.

(Er svona boðskapur eitthvað sem nútíminn ætti að hugleiða sem endalaust dregur fram sora og löngu liðinn verk til að kæra með þeim afleiðingum að lögregla og dómskerfið hefur ekki undan að vinna úr öllum þessum kærum og er hreinlega að drukkna af álagi. Sett hér fram til umhugsunar. Smá framhjálaup. En áfram með samantektina.)

Útilokum ekki þann möguleika að Guð sé með og setji í ungan eða gamlan manninn þægilegar minningar með alla burði í sér sjálfum til að minna á sig er þær með tímanum skjótast upp, við þá hlustun söngsins, burtséð frá reynsla fólks af lífinu. Oft beiskri og bragðvondri. Guð er stór Guð, góður Guð og uppfullur af kærleika og elsku til fólks og hefur eyrnamerkt sér ákveðna einstaklinga sem skulu inn þótt síðar verði og þjóna tilgangi sínum í Guðsríkinu á jörð. Frá fæðingu hefur Drottinn ákvarðað manninn og valið stað í sínu ranni. Svo byrjar lífið og margur maðurinn velur rangt og fær að kenna á því. Líf án handleiðslu Drottins hefur upp á fátt að bjóða og iðið við stórfelda blekkingarleiki sem birtist gjarnan í harðræði, meiðingum af bæði andlegum og líkamlegum toga.

Líka þarna má sjá ákveðna blessun, svo öfugsnúið sem það er. Hörmungarlífið leiddi marga til Guðs sem gerði sitt og frelsaði og horfði um leið á staðinn, embættið, sem akkúrat þessari manneskju var ætluð frá fæðingu og beið hans ósnert til frelsunardagsins. Hvaða embætti Guð vill setja viðkomandi í veit hann einn. Sé maðurinn viljugur og beygir sig fúslega undir vilja nýja herrans síns kemur fljótlega í ljós hvert embættið sé. Eitt er víst að embættið að arna er blessun út í eitt með endalaust af sigrum. Áætlun Guðs er stór og tekur yfir allt líf fólks. Guð er engum líkur.

Söngurinn er magnaður og sannarlega gefin af Guði og eitt af því í lífinu sem fært er um að fylgja manneskjunnari og kveikja henni minningar sem kemur af laginu sem vekur þær upp. Útvarpsstöðvarnar eru iðnar við kolan og stundum kveikja þær þessar minningarstöðvar í fólki með lagavali sínu. Skemmtileg þæling.

Er talað er um söng eins og hér er gert er oftast en ekki átt við eldri söngva. Þó ber að hafa í huga að orðið „ gamalt „ að þessu leiti er afstætt og vitaskuld eru menn á misjöfnum aldri er söngur festist í þeim og vekur sínar minningar. Áratugi þarf ekki til en áratugum seinni gerist hið sama í hjartanu að minning vaknar. Svo virðist að lag, lög, lífi bara áfram með fólki eftir að þau á annað borð hafa rótfest. Og er það ekki bara skemmtileg hugsun að vera lagahöfundur og eigandi söngs sem vekur fólki sínar þægilegu og góðu minningu úr eigin lífi og að fólkið hafi aðgang að því á meðan það lifir? Auðvelt er að álíkta svo. Tónsmiðurinn og með honum hann sem kemur verkinu alla leið til hlustenda flokkast undir há gæði sem mörgum hafa yljað um hjartarætur og meira en flest annað fær gert vegna eðlis tónlistarinnar og hversu greiðan aðgang hún hefur að hjarta mannsins. Yndislegt.

Allar tónsmíðar eru smekksatrið þannig séð og góðar. Gæði tónlistar er samt einstaklingsbundin sem hver fyrir sig metur. Þitt mat er jafn rétt og mitt þó það komi gegn mínu sem fyrir mig er rétt. Þetta vekur upp spurninguna um hver hafi vit á tónlist og listum almennt og hver ekki. Finni maður fegurð í hinu eða þessu laginu og forminu hefur hann í sjálfu sér fundið gæði sem engin raunverulega ætti að vilja taka frá honum né heldur getur í raun og veru. Lög eru falleg hjá þeim sem líkar þau en umbreytast í annað og verra hjá hinum sem ekki líkar. Sama gildir um aðra listsköpun. Listin lítur þessu og getur heldur ekki gert neitt annað.

Málið er í raun sárafjálft. Allir vita að smekkur fólks er misjafn hvort sem er í tónlist, málalag, bókmenntum eða öðru þáttum listarinnar jafn fjölskrúðug og hún annars er og flóran breið. Neikvætt álit eins fellir ekki gæði laga úr gildi hjá öðrum né gerir óáheyrilegt, að dæmi sé tekið. Hann metur það áfram gott og hlustar eins og áður með sömu andtakt. Gagnrýni á verkið gæti kallað fram signar augabrýr og þrætur og hefur oftsinnis gert. Þá er þrætan um keisarans skegg og um ekki neitt. Enda bara álit eins manns sem eyru hins neita að meðtaka og halda sér við sinn steðja og hlusta með sömu gleði og var þegar móðgunin er að baki og ljúfir tónarnir búnir að feykja þrætunni burt. Mikilvægt að hafa þetta í huga og hjálplegt við að gera fólk tillitsömu fólki með hag náungans að leiðarljósi og aðra meira en sig sjálfan. Álit eins og annars um list og listform getur aldrei umbreyst í Stóra dóm og endanlega niðurstöðu. Tónlist er og verður áfram matsatriði hvers og eins. Fleiri orð um málið eru raunverulega óþörf. Einstaklingsbundinn smekkur fólks ræðu fegurðarskinu þess og allir hafa fegurðarskin, í kannski mismiklum mæli en fegurðarskin samt .

Að byggja tónsmíðar rétt upp er annað mál. Þar gilda vissar reglur sem menn þurfa að virða og vita um til að ná fram því sem lagasmíðin inniheldur og ber. Sumir læra þessa uppbyggingu í tónmenntatímanum. Aðrir hafa gott tóneyra frá skaparans hendi og vita hvernig á að gera verkið. Þeir heyra hvernig aðrir sem voru á undan þeim vinna og læra af þeim og bæta svo sjálfir við eigin þekkingu af reynslunni sem fæst eftir að byrjað er. Og smá saman vex þeim fiskur um hrygg og öðlast sjálfstæði sem kemur fram í útgáfunni og ná ef vel gengur sérstöðu á þessu sviði.

Ekkert af þessu breytir þó þeim sannleika að á endanum er list, öll list, háð smekk fólks sem ræður vinsældum laga, málverks eða bókarkorns. Smekkurinn getur sem hægast hafnað verkinu vilji hann það. Þó aldrei af öllum því að alltaf eru einhverjir eftir á staðnum tilbúnir til að leggja við eyrun og meta verk þó hópurinn sé máski fámennur. Munum að þessi fámenni hópur sér ekki slök gæði heldur gott verk. Að öðrum kosti hefði hann fylgd sér í raðir hinna sem höfnuðu. Þannig, vinir er það mál vaxið. Munum líka að listamaðurinn hefur sjálfur trú á því sem hann fæst við. Hefði hann hana ekki fyndi hann sér annan starfsvettvang til að starfa á. Tillitsemi vaxi því og dafni í hjartanu. Engir tveir menn eru eins. Skoðum ritninguna:

„ Ef nokkurs má sín upphvatning í nafni Krists, ef kærleiksávarp, ef samfélag andans, ef ástúð og meðaumkun má sín nokkurs, þá gjörð gleði mína fullkomna með því að vera samhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál. Gjörð ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítilátir og metið aðra meira en sjálfa yður. Lítið ekki aðeins á eigin hag, heldur einnig annarra. Verið með sama hugarfari sem Jesús Kristur var. „ (Fil 2:1-5) - Hér er lykil sem bætir samskiptin inn á, segjum, heimilinu sem fær gert andrúmið þar þægilegra en var á meðan togstreitan reið húsum og beyglaði samskiptin, á meðan metingurinn óð milli herbergja og eftir göngum. Stundum þarf svo lítið til að allskonar vitleysa taki við og búi til óþarfa bægsлагang og ásakanir.

Biblían er bókin sem fræðir fólk um hvað sé mannum rétt að gera án tillits til þess hvað honum sjálfum finnst. Að meta aðra meira en sig sjálfan sjá menn í hendi sér að hlýtur að vera afl sem stuðli að friði sem allir eiga rétt á að vera inn í og þrá í hjarta sínu að gera en svo fáir höndla vegna til að mynda ritningaversins sem við lásam hér ofar og er ekki virt nema í undantekningartilvikum og af fólki sem er í óvenju góðu skapi í dag og svo ekki sögunni meira fyrr en að jólum dregur. Svona hegðun eru bara önnur orð yfir, duttlunga og þegar mér hentar, stefnu.

Spyrja má hvað sé rangt við það fyrir mann eða konu sem hefur gaman af að glíma við tónsmíðar og hverjum svo sem varði um það? Og hví má maðurinn ekki eyða tíma sínum í þetta verkefni veiti það honum fró? Öll sköpun er gefandi. Hvort sem um er að ræða áhugamál eða menn vilji fara lengra með hugðarefni sitt og trúa sjálfir að sé raunhæfur kostur að hví þá ekki að hvetja þá til dáða? Allir eiga að fá sitt sjálfsagða tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Reyni menn ekki gerist heldur ekkert og spurningunni „ hvort „ og svo framvegis, verður aldrei svarað. Margir komast ekki áfram, rétt er það. Þeir reyndu þó sem er aðdáunarvert. Hafi menn sjálfir trú á því sem þeir gera ætti framhaldið fá að vera þeirra eigin ákvörðun. Hvatning er afl sem gefur fólki drifkraftinn:

„ Takið að yður hina óstyrku í trúnni, án þess að leggja dóm á skoðanir þeirra. Einn er þeirrar trúar, að alls megi neyta en hinn óstyrki neytir einungis jurtafæðu. Sá, sem neytir kjöts, fyrirlíti ekki hinn, sem lætur þess óneytt, og sá, sem lætur þess óneytt, dæmi ekki þann, sem neytir þess, því að Guð hefur tekið hann að sér. Hver ert þú, sem dæmir annars þjón? Hann stendur og fellur herra sínum. Og hann mun standa, því að megnugur er Drottinn þess að láta hann standa. Einn gjörir mun á dögum, en annar metur alla daga jafna. Sérhver hafi örugga sannfæringu í huga sínum. Sá, sem tekur tillit til daga, gjörir það vegna Drottins. Og sá, sem neytir kjöts, gerir það vegna Drottins, því að hann gjörir Guði þakkir. Sá, sem lætur óneytt, hann lætur óneytt vegna Drottins og gjörir Guði þakkir. „ (Róm 14:1-6) – Hér kemur annar nothæfur lykill til að stuðla að friði og áframhaldandi vinsemd. Ritningartextinn er að vísu tengdur fæðu en má vel teygja útfyrir hana og til umfjöllunarefnisins sem hér er tekið fyrir um tillitsemi. Hugsunin í grunnin er að menn virði annað fólk og komi ekki að málum með eigin skoðanir sem oft orka tvímælis. Enda bar álit. Munum að stundum skiljum við ekki hvað manningum gengur til og erum í engum takti við verkefni hans af þeirri ástæðu að vera ekki á sama stað í þessu og hafandi sjálfir áhugasvið tengdum annarskonar verkefnum og þanka. En þótt áhugasvið mitt og þitt nái ekki yfir tónsmíðar getum við samt virt hinn án þess að láta það uppi hvað okkur sjálfum finnst um brölt mannsins.

Biblían vill kenna fólki að setta sig við eitt og annað í fari annarra þó ekki sé nema til að friður haldist og ekki komi upp móðgun og fýla sem svo auðvelt er að hrinda úr vör og láta fljóta jafnvel út í hið óendanlega.

Spurningin er sú sama. Hvernig viljum við lifa lífinu? Oftar ættum oftast að spyrja um þetta heldur en við ef til vill gerum. Hjálplegt er að spyrja sig þeirrar lykilspurningar hvernig Jesú mundi bregðast við. Hugsanlega með Orðum ritningarinnar sem hér örlítið ofar voru lögð fram og við lásum rétt í þessu.

Mikilvægt er að menn temji sér uppbyggilegt orðfæri og viti að einn má vel gera sitt áhugamál á meðan annar fæst við annarskonar verkefni og gersamlega andstætt hinu. Báðum finnst sinn fifil fagur og ekkert rangt við slíkar afstöður fólks. Báðir geta metið hinn með réttu. Orðaval manna þarf að hemja og temja og gæta í nærveru sálar sem er svo viðkvæm og auðbrotin. Heimurinn er fullur af margbrotnum einstaklingum sem aftur og ítrekað hafa lent í orðaflaumi sem reif niður og hvergi nein uppbygging. Eina sem þarf er vilji til verksins. En fyrst þarf fólk að koma auga á að eigið málfar mætti að skaðlausu breytast og fyrsta skref sem leið að betrumbótum.

Söngurinn, hljóðfæraleikurinn og umgjörðin utan um tónlist er góð og getur gert svo margt gott fyrir manninn. Tónlistin hefur einstaklingsbundin áhrif á sama hátt og Guðs Orð. Einnig er einstaklingsbundið hvernig menn taka við og kemur meðal annars fram í því að einn tekur Orðinu fagnandi og sagnar allt sem fram fer inn í opið og göfugt hjarta á meðan, segjum, sessunauturinn er út á þekju á stundinni og meðtekur ekkert af því sem fram fer. Sama andartak, báðir upplifðu sama Orð, en viðbrögð misjöfn. Til að njóta þurfa menn að vera opnir og er nokkuð sem engin gerir fyrir viðkomandi. Að öðrum kosti var ferðin bara tímaeyðsla og menn eiga að læra að fara vel með tímann sinn. Allir vita að ævi mansins er stutt og að þeir séu margir sem vakni upp á gamals aldri og segjandi við sig sjálfa að þeir hefðu gjarnan viljað verja tíma sínum betur. Að njóta þess sem í boði er núna er eitt af þessu. Að njóta andartaksins eru verðmæti sem vel má hvetja menn til að tileinka sér í dagsins önn. Oft er óbreytt hugarfar og vaninn þröskuldur sem hindrar menn í að njóta. Líka þó að menn séu að staðnum. Skyldurækni er eitt. Sannur áhugi annað. Áhugin kveikir á stöðvum lífsins en hitt gerir það ekki og líkist meira svefni. Svefn er góður og ætlaður til hvíldar og að safna kröftum fyrir nýjan dag. Sofandi trú breytist eftirleiðis í vakandi trú. Val vinir. Val.

Veljum Jesú og þá veljum við rétt.

Tími andkrists?

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman

6 apríl 2013

„Maður er víst ekki fullkominn frekar en þeir „ - sagði maðurinn: Hinn svaraði að bragði. „Rétt. Gallar hinna eru bara svo æpandi, „ - Hann hló og var auðvitaða að gera grín að sér sjálfum og eigin viðbrögðum við ýmsu sem fyrir sig hafði komið og viðbrögðin kannski ekki alltaf neitt sérlega viturleg. Já vinir! Auðvelt er að hlæja að ýmsu þegar við horfum á úr fjarlægð og sjáum þvæluna og hvernig við afgreiddum mál með kolröngum hætti og gerðum hver mistökina færur öðrum.

Stundum er manningnum auðvelt að standa á lengdar í minningunni og horfa á eigin verk en öllu erfiðara fyrir hann að læra af þeim og muna á stund næstu erfiðleika. Þeim fylgja vanalega engir hlátrar og eru engum skemmtun. Manninum er gefin reynslan til að hann læri af henni og hún verði honum hjálpleg þegar önnur runa rauna hvolfist yfir og hann við að kikna í hnjúliðunum. Þá vita menn að stundin er ekki stund hláturs fremur tára, sorgar, og angistar. Svo er allt um garð gengið og fólk kemst að því eina ferðina enn að allt var þetta stormur í vatnsglasi sem í minningunni vekur því hlátur. Bara svona er líf fólks stíkað í föllnum heimi syndar, holds og holdsins hugsanna og verka.

Maðurinn ræður mestu sjálfur um það hvernig lífi hann lifir og hverjum hann velur að þjóna og hvernig að afgreiða mál sem pompa upp hjá honum og fátt til lausnar og bara um tvennt að velja Jesú, sem leysir mál, eða Satan sem flækir mál og virkjar geti hann hold og hugleiðingar þess og vilja til að fá sínu framgengt. Oft er honum líka bara nægjanlegt að ýta liði sínu úr vör og láta holdið sjálft sjá um rest og reynst honum ágætlega gegnum tíðina með reglulegum spörkum og niðurlægingu í sitt lið sem hann sér sjálfur um.

Kristur setur vegg á milli sín og heimsins og gerir með skírum hætti. Vegg sem menn þó á öllum tímum hafa viljað færa til svo áfram megi þeir sprikla með sitt hold en Kristur ljær ekki máls á til lengdar og verður á endanum að grípa til ráðstafanna, á meðal brotlegra í hópnum, ekki allra, munum það, Drottinn er réttlátur Guð, án þess þó að hafa einhverja unun af því að tyfta menn og aga en gerir kærleika og er aflið sem knýr hann til verksins.

Einn fyrir alla allir fyrir einn er hugsun sem hann vill að söfnuður sinn innleiði í sínar raðir og verkefnið endalæsa í hans röðum. Málið snýst nefnilega ekki nema að litlu leiti um veruna hér á jörð, þessum táradal, heldur hinnar sem er á himnum og eilífa lífið er í. Þökkum fyrir kærleika Krists sem gefst ekki upp og meinar það sem hans segir öndvert við manneskjuna sem meinar stundum og stundum ekki orð sín.

„**Fyrirætlanir hjartans eru á mannsins valdi, en svar tungunnar kemur frá Drottni. Manninum þykja allir sínir vegir hreinir, en Drottinn prófar hugarþelið. Fel þú Drottni verk þín, þá mun áformum þínum framgengt verða.** „ (Orðsk 16:1-3) – Er þetta ekki stundum svona að við erum upptekin af göllum annarra og höfum tilhneigingu til að réttlæta öll okkar verk og finnast þau hrein, strokin og fín? Guð sér annað og dómar hans réttir.

Hér kemur fram eitt af meinum mannkynsins og segir okkur með skírum hætti að maðurinn þarf að tilheyra afli sér sjálfu meira til að getað lifað upprétt manneskja og dregið réttar áliktannir af því sem hann sér, heyrir og reynir í eigin lífi? Getum við annars ekki orðið sammálum um þetta atriði og fært marghátuð rök fyrir þessu að svona sé þetta í raunveruleikanum með því fyrst og fremst að horfa í eigin barm og hvernig við sjálf oft á tíðum bregðumst við uppkomnum vanda, og gerum verkið heiðarlega? Jú. Þetta kemur allt saman fram þar sé hún rétt unnin og samviskusamlega gerð en áhöld

um hvað við á eftir gerum með það sem þá kom í ljós. Allt spurning um að hafa vilja til að breytast og verða skárri manneskja. Ekkert gerist þó þarna fyrr heldur en menn koma auga á vandan að hann sé til staðar. Oft þrautin þyngsta í ferlinu en nauðsýnlegt sem fyrsta skref.

Íslendingar ganga senn (samantektin var gerð 6 apríl 2013) til enn einna Alþingiskosninganna í landi sínu sem bankarnir hrundu í og hafa aldrei áður fleiri framboð komið fram. Heill bunki af þeim.

Ríkissjónvarpið bauð eins og venjulega framboðunum tíma í sjónvarpssal og verður að segjast eins og er að flest voru ráðalaus um verkefnið framundan og ekkert í spilunum sem menn, áhorfendur, gátu haft hönd á og, að séð varð, yrði til neinnar lausnar vandanum sem við er að glíma. Menn fóru í kringum mál eða gætu sín á að verða ekki nappaðir af orðum sínum.

Kæru vinir! Sannleikurinn er að menn vita ekkert um það hvernig mál skulu leyst og hafa fá ráð til úrlausnar. Þetta vinir mínir eru tímarnir sem nú eru uppi að menn vita ekki hvernig skulu leysa stóru verkefnið. Allt kraðakið sem við erum að horfa á um framboðin segir okkur allt sem segja þarf í málinu að viss örvænting sé í gangi á meðal fólks í þessu landi.

Stóra hrópið í dag er að fólk vill fara að sjá eitthvað nýtt og hefur verið hróp allar götur síðan að menn horfðu upp á fall bankana og eigið getuleysi á þeim tímapunkti og var í raun skelfilegt ástand.

En hvar er þá þetta nýja sem allir eru að kalla eftir og hvar hugmyndirnar sem gera þessu nýja kleyft að koma og taka sitt sæti? Kemur það með upptöku Evrunnar, inngöngunnar í ESB, bandalagi við aðra en ESB? Samninga hér og þar við ríkin í kring? Hvar liggur þetta nýja sem við viljum fá og hvert getum við sótt það? Vitum við kannski ekki hvað við raunverulega viljum né breytingarnar sem viljum að gerðar verði aðrar en einhverjar tilfærslur innan sjálfs kerfisins, eins og algengast er? Er mögulegt að svarið liggir í að vita fyrst hvað við viljum og vinna svo út frá því sem þá verður til og líta á sem fyrsta skref í máski löngu ferli? Er það kannski mergur málsins og ástæðan fyrir hve fátt breytist á sviði stjórn mála í landinu að og hafa enga stefnu sem sameinar menn í grundvallaratriðum sem þarf til að byggja gott samfélag. Er samstaða innan flokkanna sjálfra til breytinga eða eru þeir sjálfir jafn áttavilltir og fólkið í þessu blessaða landi? Ekki gott hátti svo til.

Hvar grillir að dæmi sé tekið í breytingar í samfélaginu? Hvergi mínir ágætu herrar og frúr. Hvergi neins staðar. Allt situr við sama og sömu úræðum beitt. Kærleikurinn fer höllum fæti í voru samfélagi og sífellt í hann höggið og enn ein afleiðing þess að menn viti ekki svo vel hvað þeir vilji. Að vita ekki þarna er bara annað orð yfir að vera með líf sitt hangandi í lausu lofti. Mikið er talað og fundað en samt skortir hugmyndir vegna þess að við erum á vissan hátt kominn út á enda í þeim öllum saman. Er ekki heilmikið til í þessu? Fólk þarf á Jesú að halda.

Hve margir undir svona kringumstæðum, orðnir langþreyttir, hugleiða í fullri alvöru að fá „tímabundið - vá maður, eins og það sé gerlegt - til verksins mann eða konu sem taki á málum án þess að gera sér grein fyrir því um hvað sé verið að biðja að það er einræðisherrann sem hvergi hefur farið vel með þjóðir sem hann hefur tekið við og oftast en ekki skilið eftir rjúkandi rúst og bláfátaka er hann loks hrökklaðist frá völdum. Já hrökklaðist frá völdum eins og hingað til hefur verið hlutskipti einræðisins hvar sem er í heiminum þó stundum því miður verði bara skipti og annar einræðisherra tekur völdin af hinum og heitir að fara úr öskunni í eldinn. Skoðið bara söguna og þið látið sannfærast.

Með allri virðingu fyrir stjórn máluðum og fólkinu sem þeim gegnir, allt vænsta fólk, er sannleikurinn samt að þau blessunin hafa í dag engar alvöru lausnir og mistök þar í gegnum aldirnar smá saman fært okkur á staðinn sem við nú erum á og hrópum: " Nýjungar nýjungar. " :

„ Tákn munu verða á sólu, tungli og stjörnum og á jörðu angist þjóða, ráðalausra við dunur hafs og brimný. Menn munu gefa upp öndina af ótta og kvíða fyrir því, er koma mun yfir heimsbyggðina, því að kraftar himnanna munu bifast. Þá munu menn sjá Mannssoninn koma í

skýi með mætti og mikilli dýrð. En þegar þetta tekur að koma fram, þá réttið úr yður og lyftið upp höfðum yðar, því að lausn yðar er í nánd. Hann sagði þeim og líkingu: Gætið að fíkjutrénu og öðrum trjám. Þegar þér sjáið þau farin að bruma, þá vitið þér af sjálfum yður, að sumarið er í nánd. Eins skuluð þér vita, þegar þér sjáið þetta verða, að Guðs ríki er í nánd. Sannlega segi ég yður: Þessi kynslóð mun ekki líða undir lok, uns allt er komið fram. „ (Lúk 21:25-32) – Kristur talaði þessi Orð fyrir rúmum tvö þúsund árum sem tímana tákn í dag. Ekki sjá þetta þó allir en þeir sem hann gefur leyfi til að skoða með augum sem hann sjálfur hefur lokið upp og gefið trú gera það og sjá í hvað stefnir. Trúin á Krist fæðir margt af sér í lífi trúarinnar sem trúlaus hvorki veit um né hugleiðir og gefur lítið fyrir en verða sönn verðmæti hjá trúnni sem hún alls ekki vill skipta á. Enda svo sem fátt í boði.

Allt í umhverfinu og mannlífinu segir við trúna að Jesú sé að koma og að orðið sé örstutt í endurkomu hans og fundarins í loftinu. Ummerkin sem við nú höfum eru trén sem þarna kemur fram að séu byrjuð að bruma og lifna. Ástandið í dag vekur okkur því engan ótta heldur þvert á móti þakklæti og fögnuð yfir því að skammt sé í að við komust inn í hvíldina fullkomnu sem aldrei verður neitt nema hálfildings hér þó mikilvæg sé á tímum þar sem helsta ósk fjölda fólks er að finna hvíld og frið sál sinni sem hvergi liggur á lausu og í hvert skjólið fætur öðru fokið. Manninum er engin hvíld búin nema í ranni Drottins og þannig af Guð gert. Blessunin býr öll þar og gott að festa að sér í minni.

Og úr því að við erum komnir í allt aðra átt með þetta verkefni en lagt var upp með er ekki úr vegi að víkja örfáum orðum að öðru sem líka eru tímanna tákn og segja mörgum að koma Drottins sé fyrir dyrum. En það er allt þetta gríðarlega eftirlitskerfi sem komið er og menn þegar byrjaðir að nota og hafa reyndar gert í nokkur ár og er í sífelldri endurskoðun. Gervihnettir þjóna tilgangi þarna og margt annað með þeim á jörðu niðri. Menn vita að hryðjuverkamenn eru ekki vinsælasta fólkið hjá ríkisstjórnnum heimsins og að mikið er unnið í málinu og margt gert og í bígerð til að uppræta þá. Verkið gengur illa og er seinunnið vegna fyrst og fremst illskunnar og allra þessara hörðu hjartna og sumpart afvegaleiddu af rangri fóðrun upplýsinga sem þó er notast við og unnið eftir og að mörgu leit viljandi gert af forsprökunum sem ala á heiftinni og hatrinu samtökum sínum til eflingar. Einkennileg aðferð en hún sem er notuð.

Mikilli og fullkominni stjórnstöð hefur verið komið á fót í landi einu sem gerir mönnum kleyft að greina raddir manna sem áður hafa verið teknar upp og settar inn í kerfið sem það á eftir þekkir frá öðrum röddum sem tala í gsm síma. Helstu hryðjuverkamenn heimsins, þeir sem á annað borð eru þekktir, eru allir raddgreindir. Þá er hægt er að fylgjast með þessu fólki í gegnum þetta kerfi gegnum gsm símtækið. Eftirlitskerfið nemur röddina og staðsetur með mikilli nákvæmni. Mikið og flókið bákn.

Við sjáum að víða má fylgjast með fólki. Hver er sá maður í dag sem ekki ber á sér gsm- símtæki og er jafnvel átalinn af náunganum gleymi hann því heima og sest inn í bílinn sinn með engan síma á sér? Agalegt að vera ekki með þetta „ ofboðslega þægilega tæki „ með sér öllum stundum. Er gsm-síminn enda hluti daglegs lífs og eitt eftirlitskerfanna, takið eftir því, eftirlitskerfanna, undir vissum kringumstæðum, sem nú eru notuð og virkjuð til að fylgjast með fólki. Allt af ótta sem ei fólkið öryggislaust. Og öryggislaus maður upphugsar margt og ekki allt gott. Ekki Gera lítið úr óttanum. Hann hefur breytt fleiru á meðal okkar en mörgum grunar og rípur alla sem honum beita þegar þeir eru hættir að beita honum fyrri sig sjálfum sér í hag. Munum það. Guð er réttlátur Guð og lætur menn ganga í gengum sama og þeir ætluðu öðrum. Eins og menn sá þannig munu þeir og uppskera. Þú sleppur ekki.

Óttinn ægilegi og áhrif hans! Horfum þessu til staðfestingar á sum heimili og öryggislæsingarnar þar. Af hverju? Augljóst. Fólk vill að flatskjárin sinn sé á enn sínum stað í stofunni er það snýr aftur heim. Allt tilkomið af ótta. Menn upplifa sig öryggislaus. Fyrirmyndarríkið er ekki enn komið þrátt fyrir að menn frá fyrstu tíð hafi reynt að byggja það, þróa og viðhalda. Samt bólar ekkert

á því. Eða finnst mönnum það? Fyrirmyndarríkið er nefnilega hjá Jesú en ekki gert af mönnum. Hans trúuðu upplifa sitt fyrirmyndarríki þó í skuggsjá sé á jörðinni.

Aftur að eftirlitinu. Hvar sem er í heiminum þar sem þessir menn eru, sem fylgst er með, hryðjuverkamenn, með fleiri hópum er líka fylgst, og taka upp símann sinn og hringja greinir stjórnstöð röddina og getur staðsett þá á augabragði. Eftirlit vinir á eftirlit ofan. Spannandi? Þvert á móti og verður heldur ekki nema málið sé skoðað með augum Drottins sem dregur upp aðra og betri mynd og reyndar sanna mynd af þessu máli? Þetta eru tímarnir sem við lifum á í dag að eftirlitið er komið út um allt og við að mörgu leiti réttlætum allt þetta eftirlit. En kemur að þætti óttans um það sem hugsanlega gæti gerst.

Já vinir. Í dag liggur óttinn eins og mara yfir mannheimum. Maðurinn enda ekki gerður til að þola ofbeldi eins og viðgengst orðið í hinum ýmsu löndum. Og líka Íslandi sem hefur þá gleymt þessu ritningaversi: „ **Hann settist niður, kallaði á þá tólf og sagði við þá: Hver sem vill vera fremstur, sé síðastur allra og þjónn allra.** „ (Mark 9:35) – Nema Orð Jesú séu ekki lengur í gildi. Orðið hefur ekki breytt sér og talar Guð Biblíunnar á þennan veg og gerir enn. Guð Biblíunnar. Merkileg hugsun.

Fyrir öllu þessu eftirlitskerfi og uppbyggingunni þar færa menn rök og eiga auðvelt með að sannfæra fólk um réttmæti aðgerða sinna vegna aukinnar illsku og hörkunnar sem menn beita orðið hverjir aðra. Að styðja þetta er ekki svo erfitt fyrir fólk án þess þó að það geri sér grein fyrir né heldur sjái heildarmyndina á bak við þetta kerfi að hún er dálítið önnur í raun og veru en lítur út fyrir og miðast við komu andkrists í heiminn. Biblían greinir frá því að andKristur muni stýra hér öllu og stjórna frá einum stað á jörðinni og vera með puttanna á mannlífinu og vita allt um alla, hvar þeir eru, hverjir þeir eru, hvar þeir versla, hver makinn sé, börn. Allt í gegnum gríðarlega öflugt og þétt net sem gerir honum verkið kleyft og menn vita að er þegar gerlegt og sumpart gert en þó enn sem komið er undir ströngum skilyrðum yfirvalda. Tími andkrists er ekki í dag en hans tími kemur og að sjá er stutt í hann. Þraukum.

Heimilistölvan þín að dæmi sé tekið þarf sína sérstöku IB tölu til að komast á Internetið. Komist menn í IB töluna og ná að brjótast inn í tölvuna þína, eins og gerst hefur, munum það, má segja að þeir séu að gramsa inn á þínu eigin heimili án þinnar vitundar með þessari leið og hugsanlega skoða persónuleg gögn. Og líka unnið skemmdarverk sé því að skipta. Tölva í dag er geymsla persónulegra upplýsinga einstaklinga og aðili sem skoðar þau gögn veit margt um viðkomandi. Svona er nú veruleiki dagsins. Allt er til staðar fyrir valdatöku andKrists.

Vökum! Drottinn vill forða sínu fólki frá tíma andKrists og nota til fundahaldanna við sig í loftinu:

„ Því að allt það, sem í heiminum er, fýsn holdsins og fýsn augnanna og auðæfa-oflæti, það er ekki frá föðurnum, heldur er það frá heiminum. Og heimurinn fyrirferst og fýsn hans, en sá, sem gjörir Guðs vilja, varir að eilífu. Börn mín, það er hin síðasta stund. **Þér hafið heyrt að andkristur kemur, og nú eru líka margir andkristar komnir fram.** Af því vitum vér, að það er hin síðasta stund. Þeir komu úr vorum hópi, en heyrðu oss ekki til. Ef þeir hefðu heyrt oss til, þá hefðu þeir áfram verið með oss. En þetta varð til þess að augljóst yrði, að enginn þeirra heyrði oss til. En þér hafið smurning frá hinum heilaga og vitið þetta allir. „ (1Jóh 2:16-20)

Trúin á Jesú Krist gefur sínum verulegt forskot á heiminn hvað þetta sérstaka mál áhrærir sem veit ekki né heldur trúir þessu en hans fólk gerir og hefur fullan aðgang að og allir geta fengið með þeim en þurfa til þess trú eins og Krists menn. Einvörðungu í gegnum Krist og fyrir eigin trú kemur þekking frá hæðum um til að mynda efnið sem hér er stuttlega rakið og mikilvægt öllum trúuðum að skoða og reyna að skilja og raunar partur af prógrammi hins kristna og ætti líka skilyrðislaust að vera. Okkur er gert að vera vakandi og eru svona þælingar eitt af því að haldast vakandi.

Við þurfum að vera okkur meðvituð um tímana sem við lifum á og alveg sérstaklega núna eftir að sumir hornsteinar samfélagsins, sjálf heimilin, hafa að hluta til brugðist og eru ekki í öllum tilvikum sá griðastaður sem þau áður voru og ætlast er til að þau séu og svo mörg af þeim flosnuð upp og er ein af orsökunum fyrir hinni auknu hörku sem við er að glíma og mönnum hefur enn ekki tekist að koma í lag af þeirri ástæðu helstri að lítt er rætt um akkúrat þessa hlið málsins er heimilin í landinu bera á góma. Kirkjunnar menn hafa einnig oft horft framhjá þessum sannleika en þó vitað um vandan með því að fólk kemur þangað í viðtöl þar sem meðal annars þessir þættir koma beint og óbeint fram í samtölum fólksins. Er eðlilegt að fjöldi íslenskra barna sem, segjum, hafa fæðst á síðastliðnum þrjátíu árum eða lengur, alist ekki upp hjá kjörforeldrum sínum heldur meira og minna fósturforeldrum vegna tíðra hjónaskilnaða, giftinga og sambúða sem í gangi eru eins og ekkert sé sjálfsgöðara en er það að sjálfsgöðu ekki fremur en margt annað sem þykir orðið sjálfsgöður hlutur en skekkir alla myndina og sumpart afskræmir? Allt vænsta fólk og allt saman það og ekkert verið að fjall um það mál hér. Afleiðingarnar af brostnum heimilum höfum við allt í kring og sjást þær best í allri þessari hörku sem svo erfitt er að ráða við og hemja. Allt vegna þess að illska mannanna hefur magnast upp sem einnig mætti rekja og finna stað og færa rök fyrir.

Sannleikurinn er að krakkar, of margir, fá ekki þá umhyggju frá foreldrum sínum og venslamönnum heima sem þeir þarfnast, eins og faðmlag og hlýlegt orð vegna þess að ekki kunna allir menn að auðsýna öðrum slíkt af þeirri ástæðu að hafa aldrei sjálfir upplifað neitt svoleiðis frá öðru fólki. Með tímanum fara menn svo að byrgja allskonar líðan innra með sér sem engum er gott til lengdar og getur ekkert annað gert með tímanum en brotist út og breyst í hegðun sem við erum með allt í kringum okkur og fer vaxandi. Of mörg heimili hafa brugðist of mörgum skjólstaðingum. Og hitt! Börn og krakkar eru misjafnlega tilfinningarþír og þola misvel sinnuleysi fullorðinna sem þau leita til og treysta á unga aldri en gæti breyst í andhverfu sína sé þeim ekki rétt sinnt af sama fullorðna fólki er þau verða eldri. Hér gildir hugtakið um sáningu og uppskeru. Hverju erum við að sá?

Vissulega skiptir fjárhagsleg afkoma heimilanna máli. Að sjálfsgöðu væri rangt að halda öðru fram en hún er samt engin trygging fyrir ástandinu inn á sjálfu heimilinu. Aðrir þættir spila þar oft stærra hlutverk, eins og elska, vinátta og aðrir mikilvægir þættir. Og sé virðing ekki til staðar né heldur agi er mörgu slæmu boðið í kaffi bara af því. Að heimilin hafi sumpart brugðist getum ekki þrætt fyrir né fært fyrir rök með neinum sannfærandi hætti að hafi ekki gerst. Málið er borðleggjandi. Frelsi er gott en ekki frelsi án aga og góðra reglna sem mönnum sé gert að fylgja og kennt að virða.

Hvaða svör til mynda hafa stjórn málin akkúrat inn í svona vanda heimilanna? Engin og er heldur ekki ræddur á þeim vettvangi. Ekki stakt orð opinberlega. Sé rætt um vanda þarna er oftast nær átt við einhvern fjárhagsvanda sem leysa þarf úr og menn líta á sem hina sönnu lausn, sem ekki er gert lítið úr, í stað þess að vera með hitt líka inni og reyna að átta sig á mikilvæginu á þeim sérstaka þætti fyrir heimilin. Sannleikurinn er nú bara sá að vel rekið og agað heimili skilar besta fólkinu af sér út í samfélagið. Þetta hefur ekkert breyst og er enn í fulli gildi. Það er þangað til baka sem við í sameiningu þurfum að spóla öllu batteríinu og ná í á nýjan leik og er líklega það sem samfélagið er að hrópa eftir er það kallar eftir breytingum en nefnir kannski öðrum nöfnum. Við sjáum að margt er skakkt hjá okkur og að íslendingar glími við samskonar vanda og önnur vestræn ríki. Öflug kirkja breytir mestu um gæðin í landinu. En að henni er vegið og of margir menn orðnir ófærir um að sjá samhengi þarna á milli. Orsök. Afleiðing.

Úræðaleysið og vandræðagangurinn með þjóðunum viðhelst með engum alvöru svörum eins og við ítrekað höfum horft upp á í mikilvægum og sumpart merkilegum stjórn máluðum með öllu því ágæta fólki sem þar er í starfi. Vandræðagangurinn á ekki bara við hér á landi heldur viðgengst víðsvegar í heiminum sem raunverulega er á sama báti og orðin eitt svæði séð með augum eftirlitskerfanna sem drepið var lítillega á hér fyrir í þessari samantekt. Farðu bara inn á Internetið og þú nærð beinu og milliliðalausri tengingu við umheiminn heima í stofu eða hvar sem er hafir þú tölvu. Hvort sem okkur er það ljúft eða leitt að þá bara eru hlutirnir svona á vorum tímum.

Kristur er við hornið og fer að stíga fram. Ætlum við að vera tilbúin og fara til fundarins við Jesú í loftinu? Auðvitað. Sleppum þá reiðinni og höldum trúnni eftir því að líklegt er að reiðin komist ekki með í þetta eftirsóknarverða ferðalag til Jesú í loftinu. En fundurinn fer fram og er þér boðið til hans. Vertu með og snúðu þér heilshugar til Jesú.

Prekvirki Krists fyrir mig.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

29 apríl 2013

Sonur Guðs sem kom í heiminn til að gefa heiminum sigur. En á hverju þarf þessi heimur að sigrast með alla sína miklu þekkingu, getu og kunnáttu á öllum sköpuðum hlutum?

Að dæmi sé tekið að þá upplifði kynslóðin sem kominn er yfir miðjan aldur margt nýtt sem rekja má beint til færni og hugvits manna. Þessi kynslóð fylgdist með því er fyrsti maðurinn fór út í tómið handan Gufuhvolfsins og nokkrum árum á eftir er fótur manns sté á tunglið og markaði spor manns í tunglsandinn. Allt heima í stofu hjá sér í gegnum útsendingu sem teygði sig yfir allan heiminn og allir gátu á sama andartaki séð. Er til meira heldur en þetta?

Og þetta er ekki nóg. Útvarpið kom af hugvitinu, bílar urðu til af sömu ástæðu, síminn sem allir bera á sér í dag og heitir GSM-símtækni og öll önnur tækniundur sem menn nota og líka nýta sér í núinu og hafa gert í töluverðan tíma. Kom allt þetta tækjadót ekki svo gott sem vorum tímum? Og hvað með kvikmyndafilmuna, harða diskinn í sjálfum upptökuvélunum sem leysir af filmuna (dv-kassettuna), tölvutæknina, Internetið og gríðarlega möguleikana sem þar eru sem allir með lágmarks þekkingu geta notfært sér til þæginda, ánægju og hagsbóta? Og hvað segja menn um ísskápinn, þvottavélina, rafmagnseldavélina og önnur eldhústæki sem auðvelda mönnum eldhúsavinnuna inn á heimilunum. Hefur ekki almenn þekking aukist svo á okkar tíð til að fá sigrast á öllu sem á vegi okkar verður? Hefur ekki maðurinn þegar sýnt fram á getu sína og hæfileiki til að fá bjargað sér upp á eigin spýtur? Hví þarf hann þá sérstakan sigurvegara, frelsara, fyrir sig sjálfan eins og fullyrt er í inngangi og sagt að liggi í Syni Guðs. Sigur yfir þá hverju? – mætti spyrja sig.

Rétt er það að maðurinn er getumikill og hefur útbúið sér allskonar tæki og tól sem gerir honum lífið auðveldara og sumpart ánægjulegra en fær þó ekki tekið á vandanum stóra sem er dauðinn sem allir menn fæðast með og geta ekkert gert neitt annað en drattast með hafandi engan möguleika í sér sjálfum til að vinna á honum sigur. Allt fólk mun enda undir grænni torfu hvort sem er á unga aldri eða gamals aldri og satt lífdaga eða ekki.

Þekkingin og getan til allskonar framkvæmda nær ekki til þessa vágest sem skreið inn í lífið eftir ólöglegum leiðum í mynd höggorms sem blaðraði og lét ekki af fyrr heldur en hann hafði sannfært áheyrendur um að rangt væri rétt og rétt rangt: „**Höggormurinn var slægari en öll önnur dýr merkurinnar, sem Drottinn Guð hafði gjört. Og hann mælti við konuna: Er það satt, að Guð hafi sagt: Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum? Þá sagði konan við höggorminn: Af ávöxtum trjáanna í aldingarðinum megum við eta, en af ávexti trésins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, af honum, sagði Guð, megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja. Þá sagði höggormurinn við konuna: Vissulega munuð þið ekki deyja!** „ (1Mós 3:1-4) - Frá þessum tíma að telja hefur dauðinn verið fylgífiskur lífsins og er enn jafn ósigrandi í sjálfu sér núna og var í fyrndinni og þarf ekki annað en að líta á aðstæðurnar sem hér gilda til að láta sannfærast. Einhvertímamann á lífsferlinum þurfa allir menn að horfa upp á dauðan í kringum sig og upplifa sinn eigin dauða. Annað er óhjákvæmilegt. Það sem þá tekur við er val sem þú hefur á meðan þú enn dregur andann á þessari jörð. Veldu því rétt. Hann heitir Jesú. Að þessu leiti kemur hugvit

manna ekki að haldi. Þarna er maðurinn að fullu varnarlaus. Það er á þessum stað sem hann þarf sína hjálp frá sér æðri mætti.

Þarna mætir Guð manningnum í Jesú og sýnir með órækum hætti að hann elski hann og geri allt sem þurfi til að fá hann aftur til sín. Aftur, segi ég. Sannleikurinn er að áður heldur en ósköpin dundu yfir, í garðinum Eden, var maðurinn að öllu leiti eign Guðs með engan blett né skugga yfir sér sem reisir vegg milli hans og Guðs. Bæði kom eftir syndafallið. Dauðinn fjarlægir svo kynslóðirnar af yfirborði jarðar en breytir ekki því að eilífi partur hvers manns er áfram til. Já vinur! í þér býr hluti sem þú sjálfur, persóna þín, raunverulegur þú, deyr ekki. Skoðum Orðið: **" En nú gjörðist það, að fátæki maðurinn dó, og báru hann englar í faðm Abrahams. Ríki maðurinn dó líka og var grafinn. Og í helju, þar sem hann var í kvölum, hóf hann upp augu sín og sá Abraham í fjarska og Lasarus við brjóst hans. Þá kallaði hann: Faðir Abraham, miskunna þú mér, og send Lasarus, að hann dýfi fingurgómi sínum í vatn og kæli tungu mína, því ég kvelst í þessum loga. Abraham sagði: Minnstu þess, barn, að þú hlaust þín gæði, meðan þú lifðir, og Lasarus böll á sama hátt. Nú er hann hér huggaður, en þú kvelst. Auk alls þessa er mikið djúp staðfest milli vor og yðar, svo að þeir, er héðan vildu fara yfir til yðar, geti það ekki, og eigi verði heldur komist þaðan yfir til vor. En hann sagði: Þá bið ég þig, faðir, að þú sendir hann í hús föður míns, en ég á fimm bræður, til þess að vara þá við, svo þeir komi ekki líka í þennan kvalastað. En Abraham segir: Þeir hafa Móse og spámennina, hlýði þeir þeim. Hinn svaraði: Nei, faðir Abraham, en ef einhver kæmi til þeirra frá hinum dauðu, mundu þeir gjöra iðrun. En Abraham sagði við hann: Ef þeir hlýða ekki Móse og spámönnum, láta þeir ekki heldur sannfærast, þótt einhver rísi upp frá dauðum. "** (Lúk 16:22-31) - Ekki nein skemmtilesning hér á ferð en sannleikur þó sem við öll þurfum að heyra.

Lífið er sem sagt alvörumál og frá syndafallinu að telja hefur hrjád mannkynið allskonar umgangspæstir, sjúkdómar og veikindi. Eftir þann voða atburð gerðist margt sem hefur dregið úr fólki kjark og þor og gert því lífið erfitt og allt saman það. Sumt af þessu leiðir menn og konur til dauða langt um aldur fram. Maðurinn þolir ekki alla þessa synd sem hann býr og lifir við og sumpart líka tileinkar sér í eigin lífi. Sumir velja að syndga. Jafn dapurlegt og það nú er.

Þessu, það er sjúkdómum og veikindum, hafa vísindin og læknisfræðin reynt að mæta eftir bestu getu og gert með aðstoð lyfjafræðinnar sem hannar og rannsakar hinar ýmsu lyfjablöndur til að vinna á sjúkdómum og æxlum sem sækja á mannlíkamann til að tortíma honum. Þannig verða til lyf sem við notum. Þau auka möguleika okkar á að sigrast á hinu og þessu sem hrjáir og að yfirgefa sjúkrarúmið sem sumir hafa legið í jafnvel langan tíma.

Á þessu hjálparstarfi, ef svo má segja, er einn alvarlegur hængur. Heilbrigðiskerfi þjóðanna, vestrænna ríkja, stynja undan kostnaði því samfara og er stærsti útgjaldaliður ríkja sem vilja kenna sig við velferð. Obbi skattpeninga fólksins fer í að viðhalda þessu fjárfreka kerfi sem sífellt krefst hærri framlaga úr ríkissjóði og stærri sneiðar af kökunni sem til skipta er. Stökkbreytar veirur koma fram sem hefðbundin lyf hætta að virka á og gerir að verkum að fara þarf í aukna rannsóknarvinnu til að finna leiðirnar sem útrímur veirunni í líkama fólks og fjarlægir. Allt með ærnum kostnaði. Tímann sinn tekur að finna út réttu lyfjablönduna sem kemur fólki aftur á fætur og til vinnu á nýjan leik, eins og heilbrigðiskerfi þjóðanna í grunninn eru hugsuð. Verkið er endalaust og eitt tekur við af öðru.

Ef marka má tölur sem birtast í ásókn fólks í læknisþjónustu og lyf virðist heilsufar manna fara versnandi hjá þjóðunum sem við viljum bera okkur saman við þrátt fyrir stöðuga umræðu um forvarnir og fræðslu og allar líkamsræktarstöðvarnar sem staðsettar eru vítt og breytt í bæjum og borgum eru byggðar upp á. Með fullri virðingu. Staðreyndirnar bara tala sínu máli þarna sem annarstaðar í voru samfélagi og heilbrigðiskerfið tekur að fullu undir, með til að mynda kröfunni um aukin framlög úr ríkissjóði.

Heilsa er mikilvæg. Það þekkja allir sem hana hafa ekki lengur. Í dag er mikið um hverskyns andleg mein sem líklega má rekja beint til samfélagskenndarinnar sjálftrar sem á æ meira undir högg að sækja. Allt svona er á kostnað andlega heilbrigðisins. Eineltið verður meira. Með minni umhyggju draga menn sig inn í eigin skel og samfélaginu stendur á sama og hefur í raun og veru engin ráð til að bregðast við með neinum alvöru hætti. Enda mikið um einstaklingshyggju og "ég og mitt"-hugsanir. Allt soðið saman í potti meðvirkinnar.

Gleymum ekki meðvirkninni. Hún er stærra samfélagsvandamál en margur hyggur.

Hvernig má vinna bug á meðvirkni? Með réttri fræðslu um hvað meðvirkni sé og hvernig hún birtist og vinnur í hverjum einstaklingi fyrir sig. Meðvirkni hefur oft á sér á sér yfirskin kærleika en er í grunnin svolítið annars eðlis og verri og sumpart háskaleg og engum hjálpleg er upp er staðið. Meðvirkni er lúmsk og getur verið erfitt fyrir einstaklinginn sjálfan að gera sér grein fyrir að vera sjálfur haldin meðvirkni í stað sanns kærleika sem hann telur sig þó ganga fram í. Meðvirkni kemur þannig fram að taka undir orð fólks án þess að kanna fyrst hvað satt sé og rétt í málflutningnum og reyna á eftir að koma inn með leiðréttingu, eins og til að mynda sannleikanum er svo tamt að gera. Þvert á móti þá fer meðvirknin hina leiðina og ver út í eitt vitleysuna sem hún heyrði og fer loks að trúa sjálf. Svona gerir meðvirknin. Sannleikurinn er aldrei meðvirkur og getur heldur ekki. Meðvirkni gildir ekki bara um aðstandendur alkahólista heldur er hún mun víðtækari en margur hyggur og í raun og veru skelfileg í verki og visst samfélagsmein á ferð.

Í dag eru til lyfjarisar sem vinna markvist að því að vera fyrstir á markaðinn með þetta og hitt lyfið og orsakar að heilbrigði fólks er ekki lengur haft í öndvegi framleiðslunnar heldur líka, og öllu fremur, að græða. Að fá einkaleyfi á framleiðslunni er málið hjá lyfjarisunum. Gleymum ekki þessu. Mammon stingur allstaðar upp úfna hausnum sínum í mannheimum og allstaðar úti með klær sínar þar sem fangs er von.

Hvernig sem litið er á þá er syndin og afleiðing syndarinnar dýru verði keypt og allt til komið vegna rangrar ákvörðunar einnar manneskju á sínum tíma. Hvaða ákvarðanir ert þú að taka í dag? Snerta þær aðrar persónur líka eða stendur þér á sama um afleiðingar gerða þinna gagnvart öðru fólki og kallar "þetta lið þarna?"

Hvort sem er á sviði sjúkdóma og veikinda að þá neyðist maðurinn til að játa sig á vissan hátt sigraðan þó alltaf eigi hann sér von um bætt og betri lyf sem vinna betur á veikindum fólks og bæta meðferð lækna. Munum samt að sjúkdómar og veikindi fella stóran hóp fólks á ári hverju ásamt slysum hverskonar. Og auðvitað endalaus stríðin hér og þar í veröldinni. Gagnvart stærsta vágestinum, dauðanum, hefur maðurinn engar varnir uppi. Engin veit sína ævi fyrr en öll er. Að játa sig sigraðan gegn dauðanum er eina færa leiðin.

Engin mótmælir því heldur að manningnum sé það mikilvægt að öðlast heilsu á nýjan leik. Maður sem endurheimtir heilsuna er læknavísundunum og lyfjaframleiðslunni ævinlega þakklátur fyrir þeirra framlag inn í sín mál og mann vitaskuld eftir Jesú í ferlinu og að þakka honum.

Munum að allt byrjar ekki né endar með endurheimtri heilsu, jafn mikilvægt og það nú er öllu fólki sem glímir við sjúkdóma. Á þessum stað má einnig spyrja sig mikilvægrar spurningar hvort sé fólki mikilvægara að öðlast heilsu á nýjan leik en glata engu að síður lífinu eilífa sem það er skapað til að lifa en getur ekki gert nema Guð komi inn í myndina með það sem hann sendi til jarðarinnar og sigraði aflið sem hefur í sér dauðan og allir menn fæðast með vegna erfðasyndarinnar. Hvað er þér mikilvægt í lífinu.

Já vinir! Hvort er mikilvægara þegar öll kurl komast til grafar og er menn standa andspænis dómstóli Guðs sem Biblían segir um að allir muni gera. Liggur ekki ljóst fyrir að lífið eilífa sé kostur sem vert sé að skoða í fullri alvöru með þá þekkingu til hliðsjónar að í hverri manneskju búi eilífur partur?

Jesú er þessi kostur. Hann kom til að sigra dauðann. Myndin af atburðinum höfum við fyrir augum okkar í hvert sinn sem við lítum krossinn augum. Sumir hafa kross um háls sér eða annarstaðar í kringum sig án þess að gera sér í hugarlund að í krossinum felist líf fyrir trúna á Jesú sem krossinn á sínum tíma deyddi. Andstæður sem þekkingin réttir af og gefur fólki sanna mynd. Lífið birtist því í myndinni af krossinum.

Eftir dauða Jesú kom líka í ljós aflið sem að baki lífi Jesú bjó og opinberaðist samtíma hans í verkunum sem hann vann á meðal þeirra sem menn annaðhvort trúðu eða algerlega hundsudu og auðvitað sjálfri upprisunni sem margir urðu vitni að og líka er Jesú birtist lærisveinum sínum eftir atburðinn mesta. Öllum sem trúa honum gefur hann rétt til að verða Guðs börn.

Endurlausn mannsins er manninum ókeypis öndvert við lífið sjálft á jörðinni sem er hlaðið af ýmiskonar kostnaði sem því fylgir að vera manneskja. Og er svo komið að fyrir nánast allt greiðir hún með einum og öðrum hætti. Af öllu sem sagt er tekin tollur. Þó misjafnlega hár sé. Lífinu fylgir endalaus útgjöld og gera menn margt til að koma sjálfum sér út í útgjöld sem í mörgum tilvikum væri hægt að vera án. Svo kemur skuldabasið og eignir sem gefa manninum enga raunávöxtun en hann samt greiðir áfram mánaðarlega af. Af þessu fæðast áhyggjur og sumpart ólund og fóður fyrir allskonar aðra kvilla. Eins og mæðu, böll, reiði, hefndarhug, hatur og öfund sem Biblían segir um að engin maður fái staðist. Og er nokkuð til í því. Skemmtilegt orðalag að engin maður fái *staðist* öfundina.

Munum að öll öfund er lúmsk og hættuleg. Orðið „ öfundsyki, öfundsjúkur, „ eru réttmætt af þeirri ástæðu að menn hreinlega geta sýkst af öfundinni einni saman sem grípur þá hjartökum og vill ekki sleppa. Öfundsykin sækist með tímanum í að hefna sín. Þessi eða hinn tók frá mér sem ég með réttu á, þó áhöld séu um að rétt sé með farið hvað eignarhald varðar. Öfundin spyr þó ekki slíkra spurninga. Enda blinduð og varin, já, varin, af reiði og öðrum neikvæðum tilfinningum og er að því leitinu til afskaplega háskaleg og erfið viðureignar vegna þess fyrst og fremst hversu heiftúðug öfundin getur orðið. Öfundin magnast upp í reiðinni og allt fólk sem glímur við öfund berst á sama tíma við reiði og er sært fólk, meitt fólk og margt annað er sem plagar það. Þetta saman í grúppu lofar ekki góðu og vekur upp spurninguna hvar sú samvinna endi. Eitt er víst. Að hún endar ekki á góðum stað fái öfundin óáreitt haldið forystusætinu. Engin fær unnið sigur með aðferðum öfundsykinnar. Komi sigur verður sigur sá ekki langlífur heldur skammvinnur. Réttlæti Guðs kemur því til vegar.

Að öfundinni skal gera aðför og kasta út undireins og hennar verður vart. Öfundin kom inn með syndinni og er bein afleiðing syndar sem þekkir ekki þessi Orð Biblíunnar: „ **Gjörð ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítillátir og metið aðra meira en sjálfa yður.** „ (Fil 2:3) - Svona getur öfundin hreint út sagt ekki framkvæmt og er algerlega fyrirmunað að vinna á þennan veg. Öfund er ekki frá Guði kominn heldur eigin holdi. Öfundin er, sem sagt, holdlegt fyrirbæri og til staðar í mannlegum samfélögum af þeirri ástæðu einni að vera leift það.

Fleiri vonda kvilla manna mætti nefna en látum þessa sem komnir eru nægja í bili.

Samantektin hófst á orðunum að Sonur Guðs sé sá sem kom í heiminn til að gefa heiminum sigur. Í henni höfum við komist að ýmsu sem er manninum afskaplega þungt og erfitt að eiga sigur yfir og sumt algerlega ógerlegt að sigra. Málið er að Jesú er ekki á neinn hátt bundin getuleysi mínu og þínu um eitt né neitt. Hann kom, vann sín verk sem Faðirinn setti honum og sigraði. Í eðli Krists er að sigra. Notaleg hugsun.

Verkin sem hann gerði undirbjó veginn sem mér er boðið að fara. Sá vegur er vegur sigurs og farsældar sem ég kemst á eftir að trúin á Krist verður minn veruleiki og persónulegur sigur hjarta mitt staðfestir. Heilagur Andi er framvegis krafturinn sem sýnir mér örmjótt hliðið sem ég þarf að troða

mér gegnum og sigurinn fyrir mig og mitt líf. Að þessari frelsun minni vann Kristur tíma sinn á jörðinni sem Biblían segir um að hafi verið þrjú og hálf ár, muni ég rétt.

Tíminn, þrjú og hálf ár, er á sinn hátt táknrænn. Tími andkrists sem einráði í veröldinni er þrjú og hálf ár og einnig tíminn sem fundurinn með Drottinn í loftinu tekur. Merkilegt:

„ Og ég sá einn engil, sem stóð á sólunni. Hann hrópaði hárrí röddu til allra fuglanna, sem flugu um himinhvolfið: **Komið, safnist saman til hinnar miklu máltíðar Guðs til þess að eta hold konunga og hold herforingja og hold kappa og hold hesta og þeirra, sem á þeim sitja, og hold allra, bæði frjálsra og ófrjálsra, smárra og stórra. Og ég sá dýrið og konunga jarðarinnar og hersveitir þeirra safnaðar saman til að heyja stríð við þann, sem á hestinum sat, og við herlið hans. Og dýrið var handtekið og ásamt því falsspámaðurinn, sem táknin gjörði í augsyn þess, en með þeim leiddi hann afvega þá, sem tekið höfðu við merki dýrsins, og þá, sem tilbeið höfðu líkneski þess. Báðum þeim var kastað lifandi í eldsdikið, sem logar af brennisteini. Og hinir voru drepnir með sverði þess, er á hestinum sat, sverðinu, sem út gekk af munni hans, og allir fuglarnir söddust af hræjum þeirra. „ (Opb 19:17-21) - **Og dýrið var handtekið og ásamt því falsspámaðurinn** „ – segir hér.**

Tökum eftir einu að hér er ekki um neina glímu að ræða milli góðs og ills heldur uppgjör hins góða gegn hinu illa sem hreinlega er fjarlæggt af svæðinu. Kristur er kominn til að fleygja ruslinu út í tunnu. Sætur sigurinn vannst nefnilega á öðru tímaskeiði sögunnar. Þegar hér er komið sögunar er tími þúsund ára ríkisins líklega að renna upp og annað tímaskeið hafið en gildi á meðan Kristur enn er í holdi og þannig séð veiklundaður sem hver annar maður. Hér mætir Kristur sem Konungur konunganna og Drottinn drottna öndvert við hitt skiptið sem einkenndist af vissum veikleika holds og hugar. Í þessum veikleika varð hann að vinna sína sigra til að afl Andans Heilaga opinberaðist öðru fólki sem alvöru afl og trúin sannfærir mig um að sé mér nauðsýnlegt. Eigin trú viðhélt Drottin með því að vera stöðuglega á bæn til Föðurins á himnum og sýndi okkur aðferðina við þetta. Eða er það ekki annars rétt?

Allir sem til þekkja vita að Jesú kom beint inn í vaðandi synd til að glíma sína glímu við andaverur vonskunnar í himingeimnum. Verkið var vonlaust og óvinnandi nema fyrst að deyða sinn gamla mann og eigin hugsanir, eigin vilja og gefa sjálfan sig fullkomlega á vald Föðurins. Önnur leið heldur en þessi var honum ekki gefið: „ **Og hann vék frá þeim svo sem steinsnar, féll á kné, baðst fyrir og sagði: Faðir, ef þú vilt, þá tak þennan kaleik frá mér! En verði þó ekki minn heldur þinn vilji. Þá birtist honum engill af himni, sem styrkti hann. Og hann komst í dauðans angist og baðst enn ákafar fyrir, en sveiti hans varð eins og blóðdropar, er féllu á jörðina. Hann stóð upp frá bæn sinni, kom til lærisveinanna og fann þá sofandi, örmagna af hryggð.** „ (Lúk 22:41-45) – Hér birtist okkur glíma mannsins Jesú við vilja Föðurins og sinn eigin vilja og verkefni sitt sem þarna er, má segja, komið á næsta bæ við hápunkt sinn, krossfestinguna og dauða Jesú og upprisu. Athyglisvert er að skoða að Kristur talar eins og hver annar maður sem hrópar upp í angist sinni og örvæntingu til Föður síns í þeirri fullvissu og trú að eini möguleiki sinn til að fullna verkið sé að fá styrk frá Föðurnum. Sem hann fékk og birtist Jesú í englinum sem kom til hans og styrkti.

Í versum Opinberunarbókarinnar, sem við lásam á undan versunum í Lúkasarguðspjalli, er annað hljóð komið í strokkinn og Satan búin að vera og sér sæng sína endanlega uppreidda með enga undankomuleið. Hér duga honum engin klækjabrögð eins og: " **Er það satt að Guð hafi sagt,** " engar lygar, engar hótanir aðeins sannleikurinn sem við blasir er sigurvegarinn gengur fram í öllu sínu veldi og fjarlægir ruslapokann og fleygir í ruslatunnuna með öðru drasli. Engin slagsmál eins og greina má af lestrinum um freistingu Jesú í eyðimörkinni, heldur algert vald sigurvegara sem kominn er og stígur fram sem sigurvegari og til að fullna sigur sinn og fjarlægja ófriðinn.

Á þessum tveim tímaskeiðum sögunnar er gríðarlegur munur. Fyrri atriðið, krossfestingin og upprisan, er komið fram. Seinna atriðið, atgangurinn eftir tíma andkrists á jörðinni í þann mund sem

Þúsund ára ríkið verður stofnað, er enn ókomið en skundar að takmarki sínu og kemur þegar Guð sjálfur segir: „Núna. „

Merkilegt að bera þessi tvo tímaskeið saman.

Þrjú og hálf ár tók það Krist að sigra allt Satans veldi og afmá dauðan í lífi manna og kvenna í eitt skipti fyrir öll og opna þeim leiðina til lífsins. Eftir krossdauðan og upprisuna þarf maðurinn einvörðungu að taka við sínu hjálpræðisverki til að öðlast. Kristur fer ekki í manngreinarálit með sína gjöf heldur bara gefur. Menn í annan stað eru uppteknir við sitt manngreinarálit og fæstir raunar algerlega lausir við það í sínu fari. Þetta sjáum við ágætlega í yfirlýsingum sumra þeirra um að þeim gangi misjafnlega vel að bæði lynda og vinna með hverjum sem er og að þeim lyndi betur við einn en annan og er skírt merki um manngreinarálit. Þessu kemur Orðið gegn er það segir að menn skuli elska hverjir aðra og: „Alla menn. „ - Ekki satt?